

Fræin í mold í þessum mánuði

• fasteignir • hús

Í MIÐJU BLAÐSINS ►



Hyggst fjalla um íslenskar konur

• útsendarar hennar væntanlegir í vikunni
SÍÐA 30 ►



Fer með píkusögur

• v-dagurinn undirbúinn
SÍÐA 30 ►



Breytingartillögur liggja fyrir

• allt annað fyrirkomulag
SÍÐA 20 ►



FRÉTTABLAÐIÐ

7. mars 2005 – 64. tölublað – 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Veffang: visir.is – Sími: 550 5000 **visir**


MÁNUDAGUR



DÝRKEYPT VERÐTRYGGING Þingmaður Frjálslynda flokksins segir verðtryggingu og mikinn vaxtamun þýða að greiðslubyrði íslenskra heimila sé milljarði hærri á viku hverri en norska heimila af sambærilegum skuldum. Sjá síðu 2

HÁSKÓLATORG RÍS Háskóli Íslands hefur fengið grænt ljós á forval vegna gerðar svokallaðs Háskólatorgs, þjónustumiðstöðvar stúdenta sem tengja á byggingarháskólasvæðisins. Sjá síðu 2

KANNSKI TILRÆÐI Giuliana Sgrena hafnar því að bil hennar hafi verið ekið of hratt og ekki sinnt stöðvunarmerkjum bandarískra hermanna. Hún útilokar ekki að skothríð hermanna hafi verið viljandi. Sjá síðu 4



ÁFRAM MILT Litilsháttar súld öðru hvoru vestan til. Skýjað með köflum eða léttskýjað austan til. Hiti víðast 3-8 stig. Sjá síðu 4



NÁMSKEIÐ „Fallegur hugur“ er yfirskrift hugleiðslunámskeiðs sem hefst í kvöld klukkan 20 í Karuna Búddamiðstöðinni, sem er til húsa að Ljósvallagötu 10. Námskeiðið er opið bæði byrjendum og lengra komnum.

Kvikmyndir	26	Myndlist	26
Tónlist	26	Íþróttir	20
Leikhús	26	Sjónvarp	28

Vissir þú ...

að öflug íslensk framleiðsla skapar fleiri störf og stuðlar að atvinnuöryggi í landinu. Nú standa yfir **Íslenskir gæðadagar í verslunum** Nóatúns þar sem íslensk framleiðsla er í öndvegi.

Íslenskir dagar

Þitt val skiptir máli

Íslenskir framleiðendur **SI** Samtök iðnaðarinnar

Nemendur hýstir í köldum gámum

Nemum á Bifröst fjölga svo mjög að menn hafa ekki undan við að byggja yfir þá. Til að bregðast við því leigir skólinn út húsnæðiseiningar sem íbúarnir lýsa sem köldum og lekum gámum. Íbúarnir kvarta undan hárra leigu og því að húsaleigubætur fáist ekki greiddar.

HÚSNÆÐISMÁL Vegna húsnæðis-skorts búa sex fjölskyldur og fjórir einstaklingar við Viðskipta-háskólann á Bifröst í tíu svoköll-uðum húsnæðiseiningum á skóla-svæðinu. Nemendurnir eru ósáttir við aðstæður og segja einingarnar vera gáma sem séu kaldir og leki auk þess sem húsaleigan sé of há. Það eykur á óánægju íbúanna að erfitt reynist að fá húsaleigu-bætur þar sem einingarnar eru ekki samþykktar sem íbúðarhúsnæði.

Nemandi, sem ekki vildi láta nafn síns getið, sagði í samtali við Fréttablaðið að fólk í gámunum borgaði rúmar þúsund krónur á hvern fermetra, sem væri nánast

sama leiga og í miðbæ Reykjavíkur. Nemendurnir eru sammála um að á Bifröst sé gott að búa en það vegi ekki þungt á móti því sem þeir hafi gengið í gegnum.

Þórir Páll Guðjónsson, framkvæmdastjóri Nemendagarðanna, vill kalla þetta húsnæði einingar og segir eðlilegar skýringar vera á þessu máli.

„Borgarbyggð hefur neitað að greiða húsaleigubætur til fólks í þessum einingum því að þær eru ekki með svokallað fastanúmer,“ segir Þórir Páll. Fjöldi nemenda skólans býr utan nemendagarðanna og hefst við í sumar-bústöðum og öðru leiguhúsnæði. „Borgarbyggð hefur samþykkt



HÚSNÆÐISEININGAR EÐA GÁMAR Skólayfirvöld á Bifröst vilja kalla húsnæði nemendanna húsnæðiseiningar en nemendurnir segja það ekkert annað en gáma.

bústaðina sem nemendagarða og ætti Borgarbyggð að samþykkja þessi hús sem slík þó svo að það hafi ekki verið gert,“ segir Þórir Páll. Hann bendir á að fjölgunin í

skólanum sé svo ör að skólayfirvöld hafi ekki undan að byggja húsnæði.

Samkvæmt Þóri Páli er beðið eftir að lokið verði við lóðarteikningar af svæðinu þar sem íbúðar-einingar eru, en þá verði auðveldara fyrir nemendur að sækja um húsaleigubætur.

Þórir Páll vísar á bug gagnrýni nemenda um að húsaleigan sé of há og bendir á að leigan á þriggja herbergja íbúðum sé um 70 þúsund en leigan á einingunum aðeins 60 þúsund krónur. „Kvartanir vegna hitaleysis komu í kjölfar vanda-mála sem við glímdum við vegna hitaveitunnar en það hefur verið lagað,“ segir Þórir Páll. - amg



UNGUR MAÐUR LÉST Í BÍLSLYSI Tæplega tvítugur maður lét lífið þegar bíll sem hann keyrði lenti í árekstri við jeppa á Suðurlandsvegi. Þrír slósuðust alvarlega í slysinu og sex til viðbótar hlutu minniháttar meiðsl. Sjá síðu 2

Borgarstjóri um tilboð í lóðir í Norðlingaholti:

Brjálæðislega hátt verð

LÓÐAMÁL „Þetta útboð segir allt um ástandið á fasteignamarkaðinum. Þetta verð er náttúrulega brjálæðislega hátt. Þó að Reykjavíkurborg gæfi lóðina myndi sá sem fengi hana ekki lækka verðið til viðskiptavinarins. Grundvallaratriði er hvort arðurinn renni til sameiginlegra sjóða eða í vasa einkaaðila,“ segir Steinunn Valdís Óskarsdóttir borgarstjóri um lóðaútbóðið í Norðlingaholti en þar buðu menn allt að 17,2 millj-

ónir króna í lóðir fyrir einbýlis-hús.

„Á meðan fólk er tilbúið að greiða hátt verð fyrir lóðir hlýtur þessi þróun að halda áfram. Það er fyrst og fremst auðvelt að gengi að lánsfé sem ræður för. Verktakar eiga þessa peninga ekki í sjóðum heldur ganga inn í banka og taka lán í þeirri von að geta selt lóðirnar á uppsprengdu verði til kaupenda,“ segir Steinunn.

„Því miður kemur þetta ekki á

óvart. Þetta er alveg í takt við það sem menn hafa spáð fyrir um. Lóðaskortur skilar sér í þessu hækkaða verði. Sá sem heldur því fram að lóðaskortur skili sér ekki í hækkun verðs er hreinlega ekki í takt við raunveruleikann. Þetta mun ekki lagast fyrr en við hjá Sjálfstæðis-flokknum tökum við,“ segir Guðlaugur Þór Þórðarson, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík. - lkg

Færeyingum fækkar á ný

FÆREYJAR Færeyingum er tekið að fækka á ný eftir að hafa fjölgað samfleytt í níu ár. Þessu skýrði fær-eykska útvarpið frá í gær.

Á síðasta ári fluttu 1390 manns til Færeyja, en brottfluttir voru 1534, sem þýðir að brottfluttir voru 146 fleiri en aðfluttir.

Hermann Óskarsson, forstjóri fær-eysku Hagstofunnar, segist þó engan veginn óttast að nú megi búast við landflótta á ný eins og gerðist fyrir rúmlega áratug.

Sjö prósent Færeyinga fluttu frá Færeyjum um og upp úr 1990. Þá glímdu eyjarskeggjar við miklar efnahagsþrengingar. - gb

VIKULEGAR SIGLINGAR

ATLANTSSKIP

FLYTJA VÖRUR

FRÁ EVRÓPU

Laugardagur

Kollafjörður / Færeyjar

591 3000



SPURNING DAGSINS

Eggert, tekurðu að þér fjármálaráðgjöf?

Já, með mikilli ánægju ef mér er treyst fyrir því.

Eggert Magnússon er formaður Knattspyrnusambands Íslands. KSÍ fjárfesti fyrir hundrað milljónir í KB banka fyrir fjórum mánuðum og hefur hagnaast um rúmar sex milljónir síðan þá.

Níu slösuðust í árekstri á Suðurlandsvegi:

Ungur maður lést í bílslysi

SLYS Tæplega tvítugur maður lést og þrjú barn börn hans slösuðust alvarlega þegar bíll sem þeir voru í lenti í árekstri við jeppa sem kom úr gagnstæðri átt á Suðurlandsvegi á sjöunda tímanum í gærmorgun. Farþegarinn þrjú eru þó ekki taldir í lífshættu.

Hjón og þrjú börn sem voru í jeppabifreiðinni og fimmti farþeginn í fólksbílnum voru flutt á Landspítala-háskólasjúkrahús í Fossvogi en eru ekki alvarlega slösuð. Tvö barnanna eru tólf ára og eitt þrettán ára.



Á SLYSSTAÐ

Ökumaður og farþegar fólksbílsins fóru verst út úr slysinu. Ökumaðurinn lést og þrjú farþegar slösuðust alvarlega. Hjón og þrjú börn sem voru í jeppanum, auk fjórða farþegans í fólksbílnum slösuðust minna.

Áreksturinn varð í beygjunni við gatnamót Þrengsla-vegur og bendir margt til þess að fólksbíllinn hafi runnið yfir á gagnstæða akrein en töluverð hálka var þar í gærmorgun. Ekki er þó hægt að fullyrða um orsakir slyssins þar sem málið er í rannsókn.

Þyrla Landhelgisgæslunnar var kölluð á vettvang en einnig komu að lögregla og sjúkraliðar frá Selfossi, Slökkvilið Hveragerðis og sjúkrahús og tækjabil frá Reykjavík.

- jse

LÖGREGLUFRETTIR

HUNDAR GANGA LAUSIR Lögreglu-menn í Reykjanesbæ höfðu um helgina afskipti af sjö hundum sem gengu lausir. Flestir komust fljótt til síns heima en einn hundur fékk að sitja vaktina með lögreglu-manni meðan beðið var eftir því að næðist í heilbrigðiseftirlitsmann sem gæti lesið úr örmerkingu frá Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja.

TVÆR BÍLVELTUR Tveir bílar fóru út af Grindavíkurvegi og ultu með stuttu millibili í gærmorgun. Engin teljandi slys urðu á fólki en bílarnir eru töluvert skemmdir að sögn lögreglu. Einnig fór jeppabifreið út af á svipuðum stað. Mikil hálka var á veginum og biður lögreglan fólk um að fara sérlega varlega á morgnana þegar hálka leynist á vegum.

MYND/AP



HERMENN PAKKA SAMAN

Í fyrsta áfanga liðsflutninganna flytjast sveitir Sýrlendinga til Bekaa-dalsins en hann er við sýrlensku landamærin.

Sýrlenskt herlið:

Fluttir til Beeka í dag

BEIRÚT, AP Sýrlendingar hefja flutninga á hersveitum sínum í Líbanon í dag. Líbanska stjórnarandstaðan er vantruð að að þær fari frá landinu í bráð.

Bashar Assad, forseti Sýrlands, boðaði í ræðu á sýrlenska þinginu að 14.000 manna herlið landsins sem staðsett er í Líbanon yrði kallað heim í áföngum. Liður í þeirri áætlun er flutningur hermanna frá norðurhluta landsins til Bekaa-dalsins sem er við landamæri Sýrlands og hefjast flutningarnir í dag.

LÖGREGLUFRETTIR

BÍLVELTA Í BLÁFJÖLLUM

Ökumaður missti stjórn á bíl sínum á Bláfjallavegi í gær með þeim afleiðingum að hann valt nokkrar veltur og var um tuttugu metra fyrir neðan veg þegar allt var afstaðið. Konan sem ók bílnum slasaðist ekki alvarlega en fékk heilahristing. Töluverð hálka var og aðstæður erfiðar.

BRAUT BÍLRÚÐUR Rúmlega tvítugur maður braut afturrúður í tveimur bílum þegar hann var á leiðinni heim af dansleik á Akranesi í fyrrinótt. Ekki átti hann neitt sökótt við eigendur bílanna en hann var ofurólvi þegar hann vann skemmdarverkin. Tjónið gæti numið um 300 þúsund krónum.

Tugmilljarðamunur á vaxtagreiðslum

Þingmaður Frjálslynda flokksins segir að vegna vaxtamunar og verðtryggingar sé greiðslubyrði fjölskyldna hér margföld á við það sem tíðkast í Noregi. Frjálslyndir og Framsóknarmenn hafa ályktað um afnám verðtryggingar.

EFNAHAGSMÁL Íslenskar fjölskyldur greiða vikulega milljarði meira en norskar vegna verðtryggingar lána, segir Gunnar Örn Örlygsson, þingmaður Frjálslynda flokksins. Á landsþingi flokksins um helgina var samþykkt ályktun sem kvað á afnám verðtryggingar lána. Samskonar ályktun var samþykkt á flokksþingi Framsóknarflokksins fyrir skömmu.

„Samkvæmt upplýsingum sem ég hef frá BN Bank í Noregi er verið að bjóða þar vexti á 20 ára lánnum upp á 2,8 prósent. Þar eru engin stimpilgjöld, engin lántökugjöld, engin uppgreiðslugjöld, engar kvaðir um frekari viðskipti og engin verðtrygging,“ segir Gunnar Örn.

Gunnar segir muninn sláandi þegar borin er saman greiðslubyrði norskra og íslenskra fjölskyldna á 850 milljarða skuldum



Í BANKANUM

Gunnar Örn Örlygsson, þingmaður Frjálslynda flokksins, kallar eftir þverpólitískri samstöðu um afnám verðtryggingar lána og vill að ríkisstjórnin skipi nefnd til að fjalla um hvernig standa beri að afnámi verðtryggingar.

heimilanna hér. „Vaxtabyrði norskra fjölskylda væri um 26 milljarðar króna á ári, en íslenskra um 79 milljarðar,“ segir hann og miðar við þá vexti sem hér eru í boði og verðtryggingu upp á 4 prósent. „Íslenskar fjölskyldur greiða 53 milljörðum meira en norskar. Þetta er rúmur milljarður á viku,“ segir Gunnar Örn. „Ef við gefum okkur að fjölskyldur hér séu um 80 þúsund þarf hver að afla um 100 þúsund króna í bruttótekjur á mánuði til að mæta því sem munar.“ Þá segir Gunnar Örn fráleitt að lífeyrissjóðir landsins geti ekki starfað í sama umhverfi og lífeyrissjóðir í nágrannalöndunum þar sem verðtrygging er

ekki fyrir hendi og vill að ríkisstjórnin skipi nefnd til að fara ofan í kjöllinn á verðtryggingarmálum.

Dagný Jónsdóttir, þingmaður Framsóknarflokksins og varaformaður efnahags- og viðskipta-nefndar Alþingis, segir ályktunina sem fram kom um afnám verðtryggingar á flokksþingi Framsóknar í lok síðasta mánaðar vel þess virði að skoða nánar, en verið sé að vinna úr og flokka margar ályktanir þingsins. „En ef við ætlum að fara fram með málið verðum við að sjálfsögðu að ná um það samkomulagi við samstarfsflokkinn í ríkisstjórn, því ekki er kveðið á um það í stjórnarsáttmála.“

olikk@frettabladid.is



GUNNAR ÖRN ÖRLYGSSON

Gunnar segir óþolandi og séríslenskt fyrirbæri hvernig höfuðstóll lána lækkar aldrei þrátt fyrir stöðugar afborganir og vill láta afnema verðtryggingu lána.

Ný þjónustumiðstöð stúdenta við Háskóla Íslands:

Forval hafið vegna gerðar Háskólatorgs

FRAMKVÆMDIR Háskóli Íslands hefur fengið grænt ljós á forval vegna gerðar svokallaðs Háskólatorgs, þjónustumiðstöðvar stúdenta sem tengja á byggingar háskólasvæðisins. Í forvalinu eru valdir hópar sem fá að skila inn tilboðum í verkið.

Páll Skúlason rektor greindi frá því í brautskráningarræðu 26. febrúar að framlag Háskólasjóðs Eimskipafélagsins gerði Háskólanum kleift að hefja framkvæmdir nú.

„Það er að komast skriður á málið,“ segir Guðrún Björnsdóttir, framkvæmdastjóri Félagsstofnunar stúdenta, sem sæti á í nefnd Háskólans um gerð torgsins. „Ingjaldr Hannibalsson, formaður nefndarinnar, tilkynnti á síðasta fundi að samráðsnefnd um opinberar framkvæmdir hefði gefið vilyrði fyrir því að forval gæti farið fram og það var auglýst



FÉLAGSSTOFNUN STÚDENTA VIÐ HRINGBRAUT

Starfsemi Félagsstofnunar stúdenta flyst yfir í nýtt Háskólatorg sem rís á milli íþróttahúss og aðalbyggingar Háskólans við Suðurgötu.

á evrópska efnahagssvæðinu þriðja þessa mánaðar.“

Háskólatorgið, sem á að vera tilbúið um áramótin 2007/2008, á að hýsa matsölu og alla þjónustu við stúdenta undir einu þaki. „Þjónustuhús Háskólatorgsins

verður milli gamla íþróttahússins og aðalbyggingarinnar,“ segir Guðrún, en frá torginu verða tengibyggingar yfir í öll hús auk þess sem farið verður undir Suðurgötuna til að tengja vestur- og austursvæði Háskólans.

- óka

"Hreinasti gullmoli"

Fréttablaðið, feb. 2005

Mýrarljós

Sýning fimmtudags- og sunnudagskvöld!



ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ



100% ÞJÓNUSTA

Framúrskarandi þjónusta

Samkvæmt könnunum þykir enginn banki veita betri þjónustu en Íslandsbanki. Við erum afar stolt af því álitum sem við njótum, enda leggjum við mikið upp úr framúrskarandi þjónustu. Í okkar huga felst 100% þjónusta í því að fara fram úr væntingum viðskiptavina okkar. Það er okkar markmið.

GENGIÐ			
GENGI GJALDMIÐLA 06.03.2005			
	KAUP	SALA	
Bandaríkjadalur USD	60,64	60,92	
Sterlingspund GBP	115,66	116,22	
Evra EUR	79,54	79,98	
Dönsk króna DKK	10,68	10,75	
Norsk króna NOK	9,67	9,73	
Sænsk króna SEK	8,79	8,85	
Japanskt jen JPY	0,58	0,58	
SDR	XDR	92,30	92,86

Gengisvísitala krónunnar
109.27 -0,25%

Heimild: Seðlabanki Íslands

Búnaðarþing 2005 í Reykjavík: Nýr háskóli boðar bændum nýja tíma

LANDBÚNAÐUR Staða landbúnaðarins er styrk, að því er fram kom í setningarræðu Haraldar Benediktssonar, formanns Bændasamtaka Íslands, við setningu Búnaðarþings á Hótel Sögu í Reykjavík í gær. Hann sagði milda tíð og mikla afurðasölu endurspeglar styrk landbúnaðarins. Á Búnaðarþingi eiga sæti fulltrúar bænda af landinu öllu sem að sögn Haraldar eiga að vinna að mótun á framtíðarmöguleikum í greininni.

Guðni Ágústsson landbúnaðar-ráðherra sagði í ávarpi sínu á þinginu stórtíðindi síðasta árs vera stofnun Landbúnaðarháskóla Íslands og sagði skólann



VIÐ UPPHAF BÚNAÐARÞINGS Haraldur Benediktsson, formaður Bændasamtaka Íslands, heilsar gestum við upphaf Búnaðarþings í gær, en við hlið hans er Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, sem var gestur Búnaðarþingsins.

vera „nýtt flaggskip landbúnaðarins sem boðar bændum nýja tíma.“ Hann sagði að ef skoðuð væri þróun síðustu ára blasti við hvað menntun og rannsóknir hefðu skilað miklu. „Þrátt fyrir sársaukafullar breytingar á borð við fækkun og stækkun búa sýnir sig að vísindi og tækni efla alla dáð og gera störf bóndans markvissari,“ sagði hann.

Guðni sagði heilbrigði bjúfjár tryggja gæði framleiðslu bænda og upplýsti að til stæði að setja á stofn nefnd sem fara á yfir aðferðafræðina sem beitt er gegn búfjárjúkdómum og gerði tillögur til framtíðar.

- óká

Aðalfundur eldri borgara: Stjórnvöld bæti laun

KJARAMÁL Félag eldri borgara í Kópavogi hefur stofnað stuðnings-sjóðinn Hjalparhellu sem á að greiða félögum í neyðartilfellum, svo sem þegar félagar missa eftirlaun vegna veikinda. Reglugerð sjóðsins var samþykkt á aðalfundi félagsins á laugardag.

Þess var krafist var að stjórnvöld bættu laun lægst launuðu eldri borgaranna. Félagið mótmælir háum gjöldum fyrir lækisþjónustu aldraðra og vill að lyfjaverð verði lækkað. Einnig hvetur félagið stjórnvöld til að færa málefni aldraðra frá heilbrigðisráðuneyti til félagsmálaráðuneytis.

- lkj

Breskur lögreglustjóri: Stendur ógn af al-Kaída

BRETLAND Sir John Stevens, fyrrverandi yfirmaður Lundúnalögreglunnar, staðhæfði í grein í blaðinu News of the World um helgina að allt að tvö hundruð hryðjuverkamenn á snærum al-Kaída væru í Bretlandi og þeir gætu látið til skarar skriða hvenær sem er.

Umdeild löggjöf um aðgerðir gegn hryðjuverkum var samþykkt í neðri deild breska þingsins í síðustu viku en lögin veita stjórnvöldum mjög ríkar heimildir til að fylgjast með meintum hryðjuverkamönnum. Stevens sagði lögin afar þýðingarmikil og þeir sem væru á mótí þeim skildu ekki hættuna sem væri yfirvofandi. ■

Fíkniefnamál:

Teknir með ýmis efni

LÖGREGLUMÁL 20 grómm af hassi, 10 grómm af amfetamíni og lítillræði af kókaíni fundust í bifreið í Hafnarfirði í fyrrinótt. Tveir menn voru teknir í yfirheyrslur en sleppt að þeim loknum og telst nú málið upplýst. Mennirnir þóttu hegða sér grunsamlega þegar lögreglan hafði afskipti af þeim við hefðbundin eftirlit og var því leitað í bílnum.

Tveir starfsmenn Fíkniefnalögreglunnar stóðu lögregluvaktina í Hafnarfirði þar sem árshátíð hafnirsku lögreglunnar var sama kvöld. Þeir virðast hafa unnið fyrir kaupinu sínu. - jse

MIÐ-AUSTURLÖND

SISTANI HEGGUR Á HNÚTINN Illa hefur gengið að mynda ríkisstjórn í Írak. Nú hefur Ali Sistani erkiklerkur höggvið á hnúttinn og sagt sigurvegurum þeirra að koma sér saman um skiptingu ráðherra-stóllanna á næstu tíu dögum svo að stjórnlagabingni geti komið saman.

ÍRAK Ítalska blaðakonan Giuliana Sgrena sem látin var laus úr höndum mannræningja í Írak um helgina útilokar ekki að bandarískar hersveitir hafi skotið viljandi á bíl sinn með þeim afleiðingum að ítalskur leyniþjónustumaður beið bana.

Ítalina og bandarísku hermennina greinir verulega á um tildrög skothríðarinnar.

Gleði ítölsku blaðakonunnar Giuliana Sgrena yfir að hafa verið látin laus úr mánaðarlangri prisund sinni snerist upp í skelfingu á föstudaginn þegar bandarískir hermenn hófu skothríð á bifreið hennar og ítalskra leyniþjónustumanna á leið á flugvöllinn í Bagdad. Nicola Calipari leyniþjónustumaður dó í árásinni þegar hann reyndi að skýla blaðakonunni.

Sgrena sneri aftur til Ítalíu á laugardaginn og í gær birtist grein eftir hana í dagblaðinu Il Mani-



FRJÁLS ÚR PRISUNDINNI Giuliana Sgrena var svo máttfarin eftir eldraun sína að hún þurfti að aðstoð að halda við að komast úr flugvélinni sem flutti hana til Rómars á laugardaginn.

Útilokar ekki að um viljaverk hafi verið að ræða

Giuliana Sgrena hafnar því að bíl hennar hafi verið ekið of hratt og ekki sinnt stöðvunarmerkjum bandarískra hermanna. Hún útilokar ekki að skothríð hermanna hafi verið viljandi.



ÍTALIR SYRGJA HETJU SÍNA

Kista leyniþjónustumannsins Nicola Calipari var geymd í grafhýsi óþekktar hermennsins í Róm í gær og gat almenningur komið og vottað honum virðingu sína.

festu um reynslu sína. Þar hafnar hún því alfarið að bílnum hafi verið ekið hratt og ekki sinnt stöðvunarmerkjum eins og bandarísk yfirvöld hafa haldið fram. Þegar skothríðin hófst rifjuðust upp fyrir henni orð mannræningjanna um að fara varlega „því Bandaríkjamenn vilja ekki að þú snúir aftur.“

Í viðtali við Sky Italia TV í gær útilokaði hún ekki að árásin hefði verið viljandi. „Allir vita að

Bandaríkjamenn eru mótfallnir samningaviðræðum við gíslátökumenn og því sé ég ekki af hverju ég ætti að útiloka að ég hafi verið skotmark hermanna.“ Ítalskir leyniþjónustumenn höfðu síðustu vikur átt í viðræðum við mannræningjanna sem lyktuðu með frelsun Sgrena en ekki er vitað hvort lausnargjald hafi verið greitt.

Málið er þegar farið að draga

pólítískan dilk á eftir sér. Mikil andstaða hefur verið í Ítalíu við stuðning ríkisstjórnar Berlusconi og þrýstingur mun eflaust yxa um að 3.000 manna herlið Ítala verði kallað heim. Donald Rumsfeld, varnarmálaráðherra Bandaríkjanna, sagðist í samtali við Antonio Martino, ítalskan starfsbróður sinn, harma atvikið mjög og lofaði að það yrði rannsakað til hlítar.

svainng@frettabladid.is

Ný 6 sæta Fiat Multipla

24.907 kr.*
– á mánuði. Verð frá 2.150.000 kr.

Fiat umboðið · Malarhöfða 2a
110 Reykjavík · Sími 570 9900 · www.fiat.is

Veðrið


LENDUM VIÐ Í 16. SÆTI?

Enda þótt nú sé aðeins marsbyrjun er sú staða í veðurkortunum að hér á landi er einna hlýjast í Evrópu og hefur svo verið í allnokkum tíma. Fara þarf alla leið að suðurströnd Spánar til að finna hlýrra loft. Þá hefur hiti í Færeyjum og á Bretlands-eyjum verið mjög sambærilegur og hér. En eftir miðja þessa viku kólnar hjá okkur á ný og þá bendir allt til þess að við röðum okkur í neðstu hitasætin í álfunni. Vonandi þó ekki neðar en 16. sæti!!!




Kveðja, Sigurður Ragnarsson, veðurfræðingur


Um hádegi í dag



Á morgun



Miðvikudagur



Veðrið úti í heimi í dag

Kaupmannahöfn	2°C heiðskirt	Paris	5°C skýjað	Torrevieja	14°C skýjað
Oslo	4°C heiðskirt	Prag	-1°C skýjað	Róm	11°C skúnr
Stokkhólmur	-2°C skýjað	Amsterdam	6°C alskýjað	New York	9°C alskýjað
London	9°C heiðskirt	Varsjá	-3°C alskýjað	Miami	25°C heiðskirt

Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknúð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.

HiveLite

Práðlaust internet
2GB niðurhal
4Mb tenging

AF HVERJU ERUM VIÐ AÐ
BJÓÐA UPP Á ÞRÁÐLAUST
INTERNET MEÐ HRAÐARI
TENGINU OG MEIRA
NIÐURHALI EN HINIR
Á AÐEINS

3.990

Á MÁNUÐI?*


*M.v. 12 mánaða samning.

AF ÞVÍ AÐ VIÐ ERUM HIVE.

Hive Lite er ný og hagkvæm áskriftarleið sem færir þér práðlaust internet, 2GB niðurhal, 4Mb tengingu og fullkominn tækjabúnað ásamt allri uppsetningu án aukagjalds.

Hive.is Hlíðasmári 12, 201 Kópavogur Þjónustusími 414 1616 hive@hive.is

Hive





KJÖRKASSINN

Er rétt hjá Landhelgisgæslunni að kaupa olíu í Færeyjum?

Niðurstöður gærdagsins á [vísir.is](#)

Já	82,5%
Nei	17,5%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Á að afnema verðtryggingu?

Farðu inn á fréttahluta [vísir.is](#) og segðu þína skoðun



ALFRED ÞORSTEINSSON

Stjórnarformaður Orkuveitunnar tók fyrstu skóflustunguna.

Hellisheiðarvirkjun:

Tók fyrstu skóflustungu

FRAMKVÆMDIR Alfred Þorsteinsson, stjórnarformaður Orkuveitu Reykjavíkur, tók fyrstu skóflustunguna að stöðvarhúsi Hellisheiðarvirkjunar við Kolviðarhól á laugardag. Alfred sagði þá að fjárfest yrði fyrir 6,3 milljarða króna í Hellisheiðarvirkjun á árinu og sagði framkvæmdirnar hafa mikil áhrif í samfélaginu.

„Rösklega 800 manns munu starfa að uppbyggingu orkuvera og álvers. Þegar framkvæmdum lýkur munu um 30 – 40 manns vinna við virkjanir Orkuveitu Reykjavíkur og Hitaveitu Suðurnesja og rúmlega 350 manns starfa hjá Norðuráli, en þar af bætast við um 160 ný störf vegna stækkunar verksmiðju Norðuráls á Grundartanga.“ - **bjg**

■ SJÁVARÚTVEGUR

350 MILLJÓNA AFLI Skip Eskju hafa aflað 50 þúsund tonna það sem af er ári. Afleverðmætið nemur 350 milljón krónum og er það nokkuð meira en á sama tíma í fyrra að því er fram kemur á vef fyrirtækisins.

VEIÐA MIKLA LOÐNU Skip HB Granda hafa landað um hundrað þúsund tonnum af loðnu það sem af er vertíð. Heldur lifnaði yfir veiðinni með vestangöngu loðunnar fyrir viku og fékk hvert skipið á fætur öðru fullfermi út af Vestfjörðum þegar best gaf samkvæmt frétt á vef útgerðarinnar.

BÓKMENNTIR Í bréfi til háskóla-samfélagsins kallar Helga Kress bókmenntafræðiprófessor eftir opinni umræðu um vinnumat og rannsóknaraðferðir. Þetta gerir hún í framhaldi af umræðu um vinnubrögð prófessors Hannesar Hólmsteins Gissurarsonar við ritun bókar um Halldór Laxness, sem út kom árið 2003.

Helga segir forstöðumann rannsóknasviðs Háskólans hafa upplýst hana um að Háskólinn viti ekki hvernig rannsóknarfé Hannesar vegna vinnumats sé varið. Hún segir engin viðbrögð hafa borist frá rektor um málið. Í bréfi sem Hannes Hólm-

steinn sendi til starfsmanna Háskólans á föstudag kemur fram að hann sé sammála gagnrýni Guðmundar Jónssonar prófessors í sagnfræði og Helgu Kress um að í bók sinni hefði hann átt að vísa oftar í Peter Hallberg og Halldór Laxness sjálfan.

„Ég hélt, að ein allsherjartilvísun í eftirmála, þar sem ég tók fram, hversu mikið gagn ég hefði haft af ritum Hallbergs, nægði. En ég sé nú, að svo var ekki,“ segir Hannes í bréfinu og segir að þarna hafi hans eigin athuganarleysi verið um að kenna.

Þá kemur fram að hann vinn-



ur að svari við ritgerð Helgu þar sem hún gagnrýnir heimildanotkun hans. Bréfið var svar við opnu bréfi Guðmundar þar sem hann fer fram á að háskólayfirvöld taki föstum tókum ásakanir á hendur Hannesi.

- óká

HELGA KRESS prófessor í bókmenntafræði við Háskóla Íslands, segir engin viðbrögð hafa borist frá rektor Háskólans við ritgerð hennar um meðferð texta og tilvitnana í bók Hannesar Hólmsteins Gissurarsonar um Halldór Laxness. Helga kallar því eftir opinni umræðu háskóla-samfélagsins um málið.

Mögulegt er að bjarga milljónum mannlífa

Ef ekkert verður að gert munu níutíu milljónir Afríkubúa ganga með HIV-veiruna árið 2025. Ný skýrsla Sameinuðu þjóðanna er komin út og þar er hvatt til tafarlausra aðgerða.

ALNÆMI Níutíu milljónir Afríkubúa munu verða smitaðir af HIV-veirunni árið 2025 fari þjóðir heimsins ekki að taka við sér í baráttunni. Ný skýrsla Sameinuðu þjóðanna dregur upp dökka mynd af stöðu og horfum.

Alnæmisvarnastofnun Sameinuðu þjóðanna UNAIDS sendi á föstudaginn frá sér skýrslu þar sem reynt er að meta hvaða framtíð bíður HIV-smiðra Afríkubúa og hvernig þjóðir heimsins muni bregðast við þeim skelfilega vanda sem álfan glímur nú við. Til greina koma þrjár mögulegar spár en þær gera allar ráð fyrir að alnæmisfaraldurinn eigi eftir að ná hámarki sínu og að í það minnsta 67 milljónir Afríkubúa muni deyja fyrir árið 2025.

Versta dæmið gerir ráð fyrir að fjárframlög og aðstoð til HIV-smiðra muni standa í stað. Verði sú spá að veruleika er útlit fyrir að tala þeirra Afríkubúa sem deyja úr alnæmi muni fjórfaldast og verði árið 2025 áttatíu milljónir. Níutíu milljónir manna ganga þá með HIV-veiruna, samborið við 25 milljónir í dag.

Besta spáin gerir ráð fyrir að framlög til málaflöksins muni tvöfaldast og að löndum Afríku muni takast að gera gagngerar endurbætur á heilbrigðiskerfum sínum. Ef þessar forsendur standast verður hægt að bjarga sextán milljón mannlífum og 43 milljónum manna frá því að smitast.

UNAIDS telur að 12.000 miljarða króna þurfi til þess að besta



FRAMTÍÐIN ER PEIRRA

Í dag eru ellefu milljónir barna í Afríku munaðarlaus vegna alnæmisfaraldursins. Sú tala á ekki eftir að lækka á næstunni, sama til hvaða ráða verður gripið.

spáin geti ræst en þau fjárframlög sem þegar hefur verið lofað hrökkva alls ekki til.

„Ef alnæmisfaraldurinn verður jafn skæður árið 2025 eins og í dag er það ekki vegna þess að það er óumflýjanlegt heldur vegna þess að pólitískan vilja skortir í heiminum til að gera eitthvað í málunum,“ segir

í aðfararorðum skýrslunnar.

UNAIDS bendir á að í níu Afríkulöndum séu lífslíkur íbúanna undir fjörutíu árum vegna veikinnar. 6.500 manns deyja á degi hverjum og ellefu milljónir barna eru munaðarlaus. Á síðasta ári smituðust rúmar þrjár milljónir manna af HIV-veirunni. sveinng@frettabladid.is

Jóhannes Páll páfi:

Kom út í glugga

RÓM, AP „Frá dýpstu rötum míns litla hjarta óska ég þess að þér batni fljótt,“ skrif-

aði Pálína, ung stúlka í pólska bænum Wadowice, fæðingar- bæ Jóhannesar Páls páfa, í bók með kveðjum og heillaóskum til páfa, sem honum verður færð á næstunni.

Par í bæ, rétt eins og annars staðar í hinum kaþólska heimi, hafa menn áhyggjur af heilsufari páfa og biðja ákaft fyrir bata hans.

Páfi hefur verið veikburða undanfarid, en kom þó í gær út að glugga á sjúkrahúsinu í Róm þar sem hann hefur dvalist í nærri tvær vikur og blessaði mannfjöldann fyrir utan. ■



PÁFI BLESSAR MANNFJÖLDANN

Fagnaðarstraumur fór um mannfjöldann fyrir utan sjúkrahús í Róm þegar páfi birtist þar í glugga um stund í gær.

■ EVRÓPA

FÉKK UPPÞVOTTALÖG Á VEITINGAHÚSI Konu sem pantaði sér glas af ölkelduvatni á þýsku veitingahúsi var í staðinn veittur ætandi uppþvottalögur. Hún fékk sér sopa af glærum leginum og brá að vonum illilega í brún. Konan var flutt á sjúkrahús með alvarleg sár í hálsi.

■ STJÓRN MÁL

GEGN SÖLU LANDSVIRKJUNAR Almennur félagsfundur var haldinn hjá Vinstrihreyfingunni – græna framboði 5. mars. Þar var samþykkt að ítreka þyrfti stefnu um málefni Landsvirkjunar. Flokkurinn leggur áherslu á að grunnþjónusta samfélagsins sé í almannaeigu og er á móti sölu á hlut borgarinnar í Landsvirkjun.

Rafíðnaðarsamband Íslands vill breyta 1. maí:

Vill færa daginn og hætta kröfugöngunni

HÁTÍÐARHÖLD „Mér finnst ekkert því til fyrirstöðu að breyta fyrirkomulagi hátíðarhaldanna á 1. maí. Hins vegar gæti tekið lengri tíma að breyta fyrirkomulagi frídaga og þyrfti til þess heildstæða samstöðu á vinnumarkaðinum,“ segir Guðmundur Gunnarsson, formaður Rafíðnaðarsambands Íslands.

Í ályktun Rafíðnaðarsambandsins segir að félagið vilji að stéttarfélag í Reykjavík sameinist um að halda víðtæka fjölskylduhátíð í Laugardalnum í stað kröfugöngu. Einnig vill sambandið að hátíðarhöldin 1. maí flytjast á fyrsta föstudag hvers mánaðar því mikið óhagræði sé fyrir atvinnulíf þegar stakir frídagar lenda á virkum dögum. Mundi þessi regla þá eiga við fleiri frídaga, eins og til dæmis 17. júní.

Guðmundur segir fáa í kröfugöngum. Þar séu ófgahópar mest



HÁTÍÐARHÖLD 1. MAÍ

„Ég er til í að ræða um að hlíðra til ýmsum frídögum en ekki 1. maí. 1. maí er 1. maí en ekki fyrsti föstudagur í maí,“ segir Guðmundur P. Jónsson, annar varaformaður Eflingar.

áberandi og skemmi áferð 1. maí.

„Mér er ekkert illa við í sjálfu sér að ræða breytingar um fyrirkomulag hátíðarhaldanna 1. maí. Ég er reyndar frekar íhaldssamur gagnvart kröfugöngunni og vil

ekki missa hana. Við verðum líka að hafa í huga að þetta er baráttudagur en ekki bara hátíðisdagur,“ segir Guðmundur P. Jónsson, annar varaformaður Eflingar stéttarfélags og situr í 1. maí nefnd. ■

Meistararakokkurinn

Tómas

er mættur til starfa.

Full búð af nýjum og gírnilegum fiskréttum.



- alltaf ódýrastir -

Höfðabakka 1 - sími 587 50 70



Fljótvirkt bólgueyðandi verkjalyf

m.a. við tíðaverkjum
Inniheldur engin ávanabindandi efni



Fæst án
lyfseðils

VoltarenDolo®

Díklófenak-K 12,5 mg

Voltaren Dolo® (díklófenak kalíum) 12,5 mg. töflur. Notaðar við vægum eða frekar vægum verkjum, svo sem höfuðverk, tannpínu og tíðabrautum. Verkar einnig hitalækkandi. Dragi ekki úr einkennum á nokkrum dögum, skal leita til læknis. Þeir sem eru með eða hafa haft sögu um maga- eða skeifugarnarsár eða skerta lifrarstarfsemi ættu að ráðfæra sig við lækni áður en lyfið er notað. Þeir sem þola ekki acetylsalisýru, íbuprofén eða önnur bólgueyðandi lyf eða eru með astma eiga ekki að nota Voltaren Dolo®. Notið lyfið ekki á meðgöngu nema í samráði við lækni, en aldrei á síðasta þriðjungi meðgöngu. Leitið ráða læknis eða lyfjafræðings um milliverkanir við önnur lyf. Lesa skal vandlega leiðbeiningar á umbúðum og fylgiseðli. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.



VEISTU SVARIÐ?

- 1 Hvers konar gæluþyr rættar Kristbjörg Sara Thorarensen?
- 2 Hvað var hæst boðið í einbýlishúslóðir í Norðlingaholti?
- 3 Hvað heitir varaformaður Frjálslynda flokksins?

SVÖRIN ERU Á BLS. 30

Fulltrúar Fríkirkjunnar í stjórn SARK:

Aðskilnaður er kristilegt baráttumál

TRÚMÁL Séra Hjörtur Magni Jóhannsson og Magnús Axelson voru um helgina kjörnir í stjórn SARK, samtaka um aðskilnað ríkis og kirkju, en þeir eru fulltrúar Fríkirkjunnar. „Okkur var boðin þátttaka,“ segir Hjörtur, en hann hefur ekki starfað áður á vettvangi samtakanna. „Það er hins vegar rétt að þarna er fólk sem kemur úr mjög ólíkum áttum, en hefur það sem sameiginlegt markmið og stefnumál, að lýðræði og jafnræði ríki á þessu sviði þjóðlífsins, sem og öðrum.“

Hjörtur Magni segir ljóst að hér ríki ekki trúfélagafrelsi meðan milljarðar streymi frá



SR. HJÖRTUR MAGNI JÓHANSSON Hjörtur Magni, sem er safnaðarprestur Fríkirkjunnar í Reykjavík, var um helgina kjörinn nýr í stjórn SARK, samtaka um aðskilnað ríkis og kirkju.

ríkinu í eitt trúfélag. Þá segir hann aðgreiningu ríkis og kirkju vera kristilegt baráttumál. „Ég lít svo á að þegar þjóðkirkjustofnunin gengur ekki fram af réttlæti gagnvart öðrum trúfélögum beri kristnu fólki að mót-mæla slíkri hegðun sem ókristilegri. Mér hefur virst að afstaða þjóðkirkjustofnunarinnar hafi einkennst af hroka til annarra kristinna trúfélaga sem hún virðir hvorki svars né viðlits,“ segir hann og bendir á að 60 til 65 prósent þjóðarinnar vilji aðgreiningu ríkis og kirkju. „Það hefur ítrekað komið fram í skoðanakönnunum og ljóst að þar er kristið fólk að tjá sig um.“ - óká

Borgarstjórnin í Moskvu:

Í stríð gegn kláminu

RÚSSLAND Borgaryfirvöld í Moskvu eru búin að fá nóg af siðspillingunni sem þau telji að einkenni borgina. Að sögn breska blaðsins The Independent undirbúa þau lagasetningu sem bannar klámfengnar auglýsingar. Einnig vilja þau banna starfsemi kynlífsleikfangabúða í íbúðahverfum, flugvöllum, lestarstöðvum og að slíkar verslanir séu aldrei nær kirkjugörðum en sem nemur 500 metrum.

Eftir að Sovétríkin liðu undir lok brustu allar flóðgattir siðferðis og allt það sem áður var bannað varð í einu vefvangi leyfilegt. ■

ÖRYGGISRÁÐSTEFNA EJS 2005

14. & 15. MARS

Mark Minasi / Steve Riley / Tom Watson / Peter Gibbs / John Madelin

Öryggisráðstefna EJS verður haldin í þriðja sinn dagana 14. og 15. mars og nú er dagskráin glæsilegri en nokkru sinni. Ráðstefnan er ætluð öllum sem vilja auka þekkingu sína á öryggi í upplýsingatækni og höfðar jafnt til tæknimanna og stjórnenda sem annarra starfsmanna fyrirtækja og stofnana.

MÁNUDAGURINN 14. MARS

8:15 - 20:00 Nordica Hótel

	Skráning/morgunhressing	8:15 - 8:40
8:45	Steve Riley - Microsoft	Social Engineering
	Peter Gibbs - Cisco	Cisco Security Vision
	John Madelin - RSA	RSA Security
12:20	Hádegisverður	
	Tom Watson - Trend Micro	Tomorrow's Security – the 3rd Vendor Strategy
	Mark Minasi	Why the software industry has bugs and what you can do about it
16:10	Léttar veitingar / kvöldverður	16:10 / 20:00

ÞRIÐJUDAGURINN 15. MARS

8:30 - 20:00 Hótel Borg

	Skráning/morgunhressing	8:30 - 9:00
9:00	Steve Riley - Microsoft	Windows passwords – Everything you need to know
	Steve Riley - Microsoft	Security Policies? Ugh, just give me passwords!
	Steve Riley - Microsoft	Wireless LAN security with 802.1x etc.
12:30	Hádegisverður	
	Steve Riley - Microsoft	IPsec internals & implementation
	Happdrætti	Fartölva og fleiri veglegir vinningar!
	Herbert Tenhagen - Trend Micro	DEMO á Trend Micro Network VirusWall
16:10	Léttar veitingar / kvöldverður	

Skráning og allar nánari upplýsingar á www.ejs.is

Ráðstefnugjald er 39.800,- Hádegis- og kvöldverður er innifalinn ásamt öllum ráðstefnugögnum. 15-25% afsláttur fyrir öll fyrirtæki sem senda fleiri en tvo fulltrúa, meðlimi MCSE, opinbera starfsmenn og menntastofnanir.

Erlendir samstarfsaðilar eru



Það er til lausn á öllu

www.ejs.is // Grensásvegi 10, Reykjavík / 563 3000 // Tryggvabraut 10, Akureyri / 463 3000



DROPINN HOLAR STEININN

Enn er mikið verk óunnið á hamfarasvæðunum og þess langt að biða að lífið komist í eðlilegt horf. Talið er að uppbyggingin í löndunum muni kosta yfir 700 milljarða króna.

Söfnunarfé Rauða krossins vegna flóðbylgjunnar:

Þriðjungur fjárins til Indónesíu

HONG KONG, AP Stærstur hluti söfnunarfjár Alþjóða Rauða krossins vegna hamfaranna við Indlandshaf mun renna til Indónesía. Ríflega hundrað milljarðar króna eru í sjóðum Alþjóða Rauða krossins og Rauða hálfmánans sem renna eiga til hamfarasvæðanna og var ráðstöfun fjárins ákveðin um helgina.

35 milljörðum króna verður varið til hjálpar- og uppbyggingarstarfs í Indónesíu en flóðbylgjan olli gífurlegri eyðingu í norður-héruðum Súmötru. Þar fórust yfir 125.000 manns.

Tuttugu milljarðar króna munu

renna til Srí Lanka, fjórir milljarðar til Maldíveyja og Indverjar fá tvo í sinn hlut.

Rauði krossinn mun jafnframt verja tíu milljörðum króna til forvarnarstarfs í löndunum við Indlandshaf svo að búa megi íbúa þeirra betur undir að mæta slíkum áföllum. „Þeir sem gáfu peningana gerðu það eflaust í þeirri trú að þeir rynnu til bágstaddir. Við erum hins vegar viss um að þeir myndu líka vilja að þeir yrðu notaðir til að koma í veg fyrir þjáningar fólks,“ sagði Johan Schaar, tilsjónarmaður hamfarasjóðanna, í viðtali við blaðamenn. ■

Háskólinn í Reykjavík:

Nýtt merki nýs skóla

NÁM Búist er við því að nemendur Háskólans í Reykjavík verði nálægt 2.500 talsins þegar hann tekur til starfa við skólasetningu 19. ágúst. Þá sameinast formlega Háskólinn í Reykjavík og Tækniháskóli Íslands.

Nýtt merki skólans var kynnt á fundi í Borgarleikhúsinu síðasta föstudag, það er tígulformað og vísar til spjaldhúfu útskriftar-nema. Þá var tilkynnt að skólinn haldi nafni Háskólans í Reykjavík Stúdentafélag háskólanna, Viska og Technis, sameinast undir



REKTOR NÝS SKÓLA

Guðfinna S. Bjarnadóttir stendur hér undir merki nýja skólans.

nafninu Stúdentafélag Háskólans í Reykjavík. - bþg

TÖLVULISTINN

KL 9:00 Í DAG OPNUM VIÐ Í KEFLAVÍK

emmessis

NÓI SÍRÍUS

VAXTALAUS
TÖLVUTILBOÐ

Stúttull búð af vörum,
glæsileg tilboð, fyrstir
koma fyrstir fá

Opnum nýja og glæsilega
verslun í Birtlabænum Keflavík
kl. 9 í dag. Emmess is og
páskasmakk meðan birgðir
endast. Sjáumst!

HARÐUR
DISKUR &
HÝSING
KR. 9.990

ÓTRÚLEG TILBOÐ

Fyrstu 50 viðskiptavinum Tölvulistans í Keflavík
býðst Western Digital 200GB Special Edition
harðdiskur á aðeins 9.990 og fá vandaða
Dragon USB2 ál hýsingu FRÍTT með

Athugið aðeins 1 stk. per viðskiptavin

REYKJAVÍK  AKUREYRI  KEFLAVÍK

Nóatún 17 • Sími 562 6730

Glerárgata 36 • Sími 464 7400

Hafnargata 90 • Sími 534 7400

HVAD ER AÐ FRÉTTA? GUÐRÚN AGNARSDÓTTIR LÆKNIR

Fagnar vorinu og undirbýr sumarið

„Ja, fyrst ber að nefna að ég held að vorið sé að koma og fagna því,“ segir Guðrún Agnarsdóttir læknir. „Ég er bara á fullu úti í garði að hreinsa til og hlusta á þrestina. Ég hef mjög gaman af því að dunda mér í garðinum en gef mér því miður ekki nógu mikinn tíma í það.“ Guðrún fylgist vel með þjóðfélagsmálum og finnst umræðan um reykingabann á veitingahúsum standa upp úr enda tengist það vinnu hennar. „Það hefur verið mikil viðleitni um alla Evrópu að gera alla vinnustaði reyklausa. Það hefur komið fram frumvarp um þetta mál á Alþingi meðal annars. Íslendingar hafa verið mjög framarlega í tóbaksvörnum og standa sig vel í að lækka hlutfall þeirra sem byrja að reykja



og það væri mjög miður ef Íslendingar fara að hestast úr lestinni í þessum efnunum. Ef fólk vill reykja er mikilvægt að það skaði ekki aðra með því.“ Þá er Guðrún í óðaönn við að skipuleggja sumarfríð. „Ég er búin að ákveða að fara í gönguferð í Skagafjörð síðustu helgina í júlí. Við hjónin erum í góðum gönguhóp sem fer í svona ferðir reglulega. Svo ætla ég að reyna að verja sem mestum tíma með barnabörnunum.“ Guðrún er að því er virðist hreystin uppmáluð en gefur sjálf lítið fyrir það. „Ég reyni mitt besta en það vill svo heppilega til að ég hef líka gaman af þessu. Það gerir herslumuninn.“

SVONA ERUM VIÐ:



138 ÍBÚÐIR SELDAR OG KEYPTAR í Reykjavík dagana 23.2. – 3.3. 2005. Heimild: Fasteignamat ríkisins

24

stundir



SNJÓBORG

Mikil snjókoma hefur verið í Sarajevo síðustu daga.

Snjóframleiðsla er algert forgangsmál

Snjóleysi ógnar helsta skíðabæ landsmanna. Ferðafrömuðir á Akureyri eru áhyggjufullir vegna veðurfarsbreytinga. Staðarhaldarinn í Hlíðarfjalli segir snjóframleiðslukerfi forgangsatríði svo hægt sé að halda skíðasvæðinu opnu yfir vetrarmánuðina.

FERÐAÞJÓNUSTA Sigurbjörn Sveinsson, framkvæmdastjóri veitingahússins Greifans á Akureyri, segir ferðafrömuði á Akureyri mjög uggandi vegna snjóleysis í Hlíðarfjalli undanfarið ár. „Ferðaþjónusta á Akureyri þrífst að stórum hluta á skíðafólki yfir vetrarmánuðina og ef skíðabærinn Akureyri á að standa undir nafni er nauðsynlegt að fjárfesta

í snjóframleiðslukerfi í Hlíðarfjalli. Fram undan eru páskar og Andrésar andar leikarnir á skíðum og þá er bærinn vanur að fyllast af skíðafólki, svo fremi að skíðasvæðið sé opið,“ segir Sigurbjörn.

Frá árinu 1998 hefur hátt í 300 milljónum króna verið varið til uppbyggingar á skíðasvæðinu í Hlíðarfjalli. Verði snjófram-



HLÍÐARFJALL

Guðmundur Karl Jónsson, staðarhaldari í Hlíðarfjalli, segir að þeir sem grannt þekki til snjóalaga í fjallinu telji að nú sé minni snjór í fjallinu en á sama árstíma undanfarið 30 ár.



VERTINN Á GREIFANUM Sigurbjörn Sveinsson, veitingamaður á Greifanum

leiðslukerfi keypt þarf Vetrariþróttamiðstöð Íslands að fjármagna kaupin en Vetrariþróttamiðstöðin fær fjárframlög frá ríki og Akureyrarbæ. Guðmundur Karl Jónsson, forstjórnari Skíðastaða í Hlíðarfjalli, segir Vetrariþróttamiðstöðina hafa tæpar 300 milljónir til framkvæmda fram til ársins 2008. „Nauðsynlegur búnaður til snjóframleiðslu kostar um 80 milljónir króna og árlegur rekstrarkostnaður er tvær til þrjár milljónir króna. Kaup á snjóframleiðslukerfi er forgangsmál því við höfum ekkert

að gera við skíðahótel eða lyftur þegar enginn er snjórinn. Í ár var skíðasvæðið með öllu lokað frá 23. janúar til 10. febrúar og síðan þá hefur aðeins verið hægt að hafa svæðið opið að hluta. Ef halda á skíðasvæðinu opnu yfir vetrarmánuðina þá verðum við að fá snjóframleiðslukerfi,“ segir Guðmundur Karl.

Vinir Akureyrar eru áhuga-félag með það að markmiði að auka straum ferðamanna til Akureyrar og undanfarið fjögur ár hefur félagið m.a. staðið fyrir fjölskylduhátíðinni Ein með öllu sem haldin hefur verið um verslunarmannahelgar. Félagið hefur sent frá sér yfirlýsingu þar sem skorað er á stjórn Vetrariþróttamiðstöðvar Íslands að snjóframleiðsla í Hlíðarfjalli hefjist strax næsta haust. kk@frettabladid.is

Frumkvæði, færni, forysta

Hvað er MBA nám? Hver er ávinningurinn af MBA námi? Er MBA nám eitthvað fyrir þig? Vilt þú byrja í MBA námi haustið 2005?

Þegar hafa 90 einstaklingar útskrifast með MBA gráðu frá Háskóla Íslands og nú eru 46 nemendur í náminu. Næsti hópur mun hefja námið í haust og umsóknarfrestur er til 15. apríl 2005.

MBA námið í Háskóla Íslands mun halda þrjá kynningarfundum um MBA námið á næstunni:

- **Fimmtudaginn 10. mars 2005 kl. 16.30 í Odda v/ Sturlugötu, stofu 101.** Útskrifaðir viðskiptafræðingar MBA munu segja frá því hvernig námið hefur ýtt undir starfsframa og árangur í störfum hjá hinu opinbera.
- **Fimmtudaginn 17. mars 2005 kl. 12.30 í Námunni, húsi Endurmenntunar HÍ.** Útskrifaðir viðskiptafræðingar MBA munu segja frá því hvaða þýðingu námið hefur haft fyrir frama og starfsþróun í atvinnulífinu.
- **Fimmtudaginn 31. mars 2005 kl. 16.00 í Sólborg, stofu L 101, Háskólanum á Akureyri.** Áhersla verður lögð á hvað gert er til að nemendur af öllu landinu geti sótt MBA námið.

Allir eru velkomnir á fundina.

www.mba.is

V

Viðskipta- og hagfræðideild
Háskóla Íslands



Viskubrunnurinn á Seyðisfirði: Bæjarskrifstofan vann

Starfsmenn bæjarskrifstofu Seyðisfjarðar fóru með sigur af hólmi í árlegri spurningakeppni sem haldin var í bænum á dögnum. Unnu þeir annað tveggja liða kennara við grunnskólann en níundu bekkingar og forráðamenn þeirra standa að keppninni og aflu með henni peninga til skólaferðalags. Tryggvi Harðarson bæjarstjóri



TRYGGVI HARÐARSON

fór fyrir sínu fólki í keppninni en með honum í liðinu voru Kolbrún Pétursdóttir, Guðrún Ágústsdóttir og Anna Karlsdóttir. „Tryggvi er ansi glúrin en við bættum hvert annað upp,“ sagði Anna í samtali við Fréttablaðið, hress og kát með sigurinn.

22 lið tóku þátt í keppninni og var spurt um allt milli himins og jarðar.

Níundu bekkingar fara í skólaferðalag til Danmerkur líkt og seyðifirsk ungmenni hafa gert í á þriðja áratug. Vitaskuld verður siglt með Norrænu. ■



Skoðaðu nýjan **7 manna** 4x4 fólksbílaþjéppa frá Ford

Veldu Ford Freestyle

Nýjan glæsilegan valkost í stað Subaru Outback

► Við Íslendingar búum við fjölbreytt veður-skilyrði þar sem allra veðra er von. Við kjósum því öryggi í akstri sem endurspeglast meðal annars í vali á fjórhjóladrifnum fólksbílum þegar kemur að bílakaupum eins og t.d. Subaru Outback. Nú geta landsmenn kosið um nýjan og glæsilegan valkost – nýjan flokk bíla – sem við nefnum „fólksbílaþjéppa“ á meðan málfræðingarnir eru að hugsa: Ford Freestyle.

Freestyle er fyrir þá kröfuhörðu

Ford Freestyle er hannaður fyrir kröfuharða eigendur sem vilja eitthvað annað en þjéppa, þjéppinga eða fjórhjóladrifna station-bíla. Ford Freestyle er eitthvað annað og meira – hann er líka svolítið „frístæl“ - rúmgóður, öflugur og vel búinn fólksbílaþjéppi með sæti fyrir allt að sjö manns. Góður valkostur fyrir fjölskyldufólk sem hefur áhuga á útivist - velur öryggi, hagkvæmni og þægindi umfram allt annað, nema auðvitað 100% þjónustu umboðsaðila. Komdu í Brimborg.

Með hæstu mögulega einkunn

Freestyle er fullvaxinn og sterkbygður fólksbílaþjéppi sem hlotið hefur hæstu mögulega einkunn í árekstrarprófi NHTSA (National Highway Traffic Safety Administration) í Bandaríkjunum – bæði fyrir högg á framenda og hliðar. Geri aðrir betur.

Ótrúlegt rými

Hönnun Freestyle tekur ekki aðeins mið að þörfum ökumanns heldur allra sætisfarþega. Gott rými einkennir Freestyle. Í Freestyle sitja farþegar uppréttir, hátt er til lofts og stjórn-tækjum ökumanns er öllum haganlega vel fyrir komið og innan seilingar. Þannig verður

sérhver för ánægjan ein, afslöppuð, örugg og þægileg – fyrir alla. Enginn situr útundan og í flutningum fellir þú hvert og eitt sæti niður að vild. Þegar sæti hafa verið lögð niður blasir við flatt gólf – allt frá fremstu sætisröð að afturhlera. Þrátt fyrir þrjár sætaraðir er farangursrými aftast mikið meira en í mörgum öðrum bílum. Aðgengi að öftustu sætarað er auðvelt. Prófaðu Ford Freestyle.

Afl og tækninýjungar

Ameríska aflið er til staðar í Freestyle. Duratec V6 vélin skilar 203 hestöflum og togar 280 Nm. Vélin er hjóðlát en tekur hraustlega á þegar á þarf að halda. Freestyle er einnig búinn nýrri og fullkominni orkusparandi CVT stiglausri sjálf-skiptingu sem tryggir að billinn skilar nákvæmlega því afli sem óskað er og þarf því aldrei að skipta sér niður eins og hefðbundnar sjálf-skiptingar. Rafeindastýrða Haldex® fjórhjóladrifið með spólvörn vakir yfir ástandi vegar en algjörlega sjálfvirk meta skynjarar veggripið – tapi hjól afli, taka hin hjólin við og aðstoða þig við að halda bílnum stöðugum. Veldu Freestyle.

7 manna 4x4 Ford Freestyle*

Kaupverð	Sjálfskiptur
Freestyle SE 3,0V6	3.680.000 kr.
Freestyle SEL 3,0V6	3.850.000 kr.
Freestyle Limited 3,0V6	4.110.000 kr.
Bílasamningur Lýsingar	
Freestyle SE 3,0V6	43.450 kr.
Freestyle SEL 3,0V6	45.400 kr.
Freestyle Limited 3,0V6	48.490 kr.
Rekstrarleiga Lýsingar	
Freestyle SE 3,0V6	64.450 kr.
Freestyle SEL 3,0V6	67.130 kr.
Freestyle Limited 3,0V6	71.410 kr.

Staðalbúnaður í Freestyle SE:

HALDEX rafeindastýrt fjórhjóladrifskerfi. Spólvörn (Traction control). CVT stiglaus sjálfskipting. Tvívirkt tölvustýrt miðstöð með loftkælingu. Útíthitamælir. ABS hemlakerfi með EBD hemlajöfnun. Málaðar klæðningar á hliðum. Svartir hurðahúnar. Halogen aðalljós. Tálnalás og sjálfvirk læsing. Fjarstýrð samlæsing. Rafstýrðir aðfellaðlegir speglar. Rafstýrðar rúður. Langbogar á þaki. Álfelgur (málaðar) 17" 7-ríma og P215/65R17 dekk. 12 volta innstungur x 3. AM/FM útvarp með geislaspilara, útvarpsrásir eru eingöngu á oddatölum. Ljós í farangursrými. Geymsluhölf milli framsæta. Teppamottur í fyrstu og annari sætarað. Sérstaklega dökkt gler í öftustu hliðarrúðum og afturgugga. Læsanlegt hanskahólf. Lesljós fyrir aftari sætaraðir. Afstýri. Litað gler. 7 manna "Theatre-Style" sætaútfærsla. 6 liða rafstillingar á bilstjórásæti. Hraðastillir. Veltistýri. Ljós í sólskyggnum. Stíllanleg hæð á öryggisbeltum. Bilbeltáminning. Barnalæsingar. Ræsvörn. Öryggisþúðar fyrir ökumann og farþega í framsæti.

Viðbótarbúnaður í Freestyle SEL, umfram SE:

Bilstjórásæti rafstillanlegt á 8 vegu. Farþegasæti að framan rafstillanlegt á 4 vegu. AM/FM útvarp með 6 diska geislaspilara, MP3 spilara og Premium hjómkerfi. Aksturstöðva með áttavita. Leðurklætt stýri og girstangarhnúður. Stillingar í stýri fyrir hjómtæki. 3ja sætarað 50/50 skiptanleg og niðurfellanleg í gólf. Samlitir hurðahúnar. Krömuð grillumgjörð. Þokuljós. Samlitir rafstillanlegir upphitaðir útispeglar. SEL merki. Álfelgur 17" 5-ríma og P215/65R17 dekk.

Viðbótarbúnaður í Freestyle Limited, umfram SEL:

Minni fyrir bilstjórásæti og útispeglar. Upphitanleg framsæti. Leðurklæði á sætum (vinilklæði á 3ju sætarað). Samlitir klæðningar á hliðum. LIMITED merking. Viðarklæðning á miðjustokk. Álfelgur 18" 5-ríma og P225/60R18 PIRELLI dekk. Audiophile hjómkerfi með bassakeilu. Farangursnet. Miðjustokkur og fram og aftur færsla á annari sætarað (eingöngu í 6 sæta útgáfu).

Veldu rými, öryggi, hagkvæmni og 100% þjónustu frá Brimborg – öruggum stað til að vera á!

Ford Escape 4x4



XLS 5 dyra 2,3i sjálfskiptur 2.757.000 kr.

Ford Explorer Sport Trac 4x4



XLT 4 dyra 4,0i V6 sjálfskiptur 2.880.000 kr.

Ford Freestyle 4x4



SE 5 dyra 3,0 V6 sjálfskiptur 3.680.000 kr.

Ford Explorer 4x4



XLT Sport 5 dyra 4,0i V6 sjálfskiptur 4.074.000 kr.

Ford Expedition 4x4



Eddie Bauer 4x4 5 dyra 5,4i V8 sjálfskiptur 4.998.000 kr.



Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | Brimborg Reykjanesbæ: Njarðarbraut 3, sími 422 7500 | www.ford.is

* Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að aukri er kaupverð háð gengi. Leiga er rekstrarleiga og er miðuð við mánaðarlegar greiðslur í 36 mánuði sem eru háðar gengi erlendra mynta og vöxtum þeirra. Lán er bílasamningur með 20% útborgun og mánaðarlegum greiðslum í 84 mánuði og eru háðar breytingum á vöxtum og gengi erlendra mynta 50% ísk. / 50% erl. myntkarfa. Nánari upplýsingar veita ráðgjafar Brimborgar. Bílféið á mynd: Ford Freestyle SEL 4x4



Talstöðin
FM 90,9

**ÞÚ HEYRIR
ÞAÐ STRAX**

Talstöðin færir þér fréttir oftár á sólarhring en nokkur önnur íslensk útvarpsstöð.

Margfaldaðu punktana þína

x3

FERÐAÚTVARP

Með 40 stöðva minni, sjálfvirkri stöðvaleitun og vekjara.

Verð miðað við 1500 punkta:*
0 kr.

Verðgildi punkta: x3

*Tilboðið gildir til 31. mars 2005 eða á meðan bílgjafir endast.

Safnkort
Punktaðu það hjá þér!

PÓSTKORT FRÁ SÚMÖTRU: HILDUR MAGNÚSDÓTTIR, SENDIFULLTRÚI RAUÐA KROSS ÍSLANDS.

Stolt af vinnu okkar

Ég bý í tjaldbúðum norska Rauða krossins í Aceh. Vinnan hefur verið mjög gefandi. Mitt hlutverk er að skipuleggja heilbrigðis-hluta búðanna og skipulag skráningar. Búðirnar eru staðsettar á knattspyrnuvelli í Banda Aceh-bænum, sem er höfuðstaður héraðsins.

Fyrir flóðbylgjuna bjuggu fjórar milljónir manna í héraðinu, þar af 800 í þessari borg. Um helmingur borgarinnar skolaðist burt með flóðbylgjunni eða hrundi við jarðskjálftann. Þessar búðir eru fyrir alla spítala bæjarins, þar á meðal norska Rauða kross-spítalann sem ég vinn við. Hann er fyrir utan völlinn, eins og hann væri á bílastæði Laugardalsvallar.

Ég er mjög stolt af vinnu okkar og þeirri aðstöðu sem við bjóðum fólkinu. Ég held að ekki sé hægt að bjóða betur miðað við aðstæður. Ég tala við og met alla sjúklinga



við komuna og útvega þeim þá umönnun sem þeir þurfa. Svo sé ég þá næstum daglega, að minnsta kosti til að byrja með og alltaf ef það eru vandamál. Viðtölin við fólkið eru yfirleitt mjög erfið og það kemur fyrir að ég, túlkurinn og hinir

hjúkrunarfræðingarnir klökknum við að heyra sögur fólksins. Hvað er annað hægt frammi fyrir tvítugri konu sem missti eins árs og tveggja mánaða barn í hafið og fékk sýkingu í brjóstið vegna mjólkurstíflu? Eða 65 ára gamlan mann sem stendur uppi aleinn og sér engan tilgang með lífinu einsamall? Hvað segir maður eða gerir fyrir 32 ára gamlan mann sem missti konu sína og tvo unga syni. Öll hafa misst heimili sín – þau eru ekki einu sinni á kortinu lengur. Fólkið kemur inn til okkar mjög þungbúið og taugastrekt, konur gjarnan grátandi. Eftir einn til tvo daga fer það að brosa og fas þeirra er allt orðið léttara. Það er auðvitað einmitt þetta sem gefur starfinu gildi sitt og veitir okkur tilveru. Við leggjum metnað okkar í að fólki finnist það velkomið og að það finni fyrir öryggi hjá okkur og að okkur er annt um það.



NORRÆNU FORSÆTISRÁÐHERRARNIR
Stefna Íslands og Noregs gagnvart Evrópusambandinu er samtvinnuð

Staða EES-samningsins og mótun íslenskrar Evrópustefnu:

EES gæti átt skammt eftir ólifað

Í tilefni af þeirri umræðu sem spunnist hefur um stefnumótun í Evrópumálum, bæði hérlendis og í Noregi, í kjölfar flokksþings Framsóknarflokksins, er ástæða til að fara aðeins yfir stöðu EES-samningsins og horfurnar hvað varðar tengsl Íslands við Evrópusambandið.



FRÉTTASKÝRING
EES-SAMNINGURINN

AUÐUNN ARNÓRSSON
BLADAMAÐUR

Í kringum flokksþingið var í norsku fjölmiðlum talsvert fjallað um Evrópuumræðuna á Íslandi. Til að mynda hafði Aftenbladet eftir Halldóri Ásgrímssyni, forsætisráðherra og formanni Framsóknarflokksins, að EES-samningurinn stæði höllum fæti og að hann varaði við því að Ísland yrði eitt eftir með Liechtenstein í EFTA-stoð EES, en sú staða myndi blasa við skyldu Norðmanna ákveða að ganga í ESB. Íslendingar yrðu að vera undir það búnir að Norðmenn hefðu aðildarviðræður á næsta kjörtímabili norska Stórþingsins, sem hefst síðar á þessu ári og lýkur 2009.

Eftir hinum norska starfsbróður Halldórs, Kjell Magne Bondevik, hefur sama blað að hann eigi von á nýrri umræðu um ESB-aðild í Noregi eftir árið 2007, það er eftir næstu alþingiskosningar á Íslandi. „Ég er áhugasamur um ESB-umræðuna á Íslandi, þar sem það sem þar gerist getur

haft bein áhrif á Noreg, og öfugt,“ segir hann.

Það er reyndar ekkert nýtt að spurningin um framtíð EES og valkosti Íslands í Evrópusamstarfi sé samtvinnuð við þær ákvarðanir sem Norðmenn taka í þessum málum.

Tengslin nán

Allt frá því Norðmenn felldu inn-gönguna í sambandið í þjóðaratkvæðagreiðslu í nóvember 1994 hafa Íslendingar og Norðmenn átt samleið hvað varðar tengslin við ESB. Þessi tengsl eru nán. Í gegnum EES-samstarfið hefur mjög stór hluti löggjafar ESB verið innleiddur í íslenska löggjöf. Ísland tekur í gegnum það fullan þátt í innri markaði Evrópu. En þótt EES tengi Ísland náið við ESB eru veigamiklir þættir ESB-samstarfsins utan við EES-samstarfið (sbr. töflu).

Þar sem EES-samningnum hefur ekki verið breytt frá því hann var saminn fyrir vel rúmum áratug, á sama tíma og samstarfið innan ESB hefur ítrekað verið bæði vikkað út til fleiri sviða og „dýpkað“, er með tímanum að skapast æ meira ósamræmi milli þess sem EES-samstarfið nær til og ESB-samstarfsins sjálfs. Þetta rýrir gildi EES og sýnir að tíminn vinnur ekki með EES-samningnum.

Svigrúmið ólíkt

Vert er að hafa í huga að svigrúm íslenskra og norskra stjórnvalda til ákvarðana í ESB-málum er ólíkt. Á síðustu þrjátíu árum hafa norskir kjósendur tvisvar sinnum fellt aðildarsamning sem stjórnvöld voru búin að gera. Það mun því engin norsk ríkisstjórn leggja út í þriðju atlögun að ESB-aðild nema hafa fyrir því vissu að samningarnir njóti meirihluta-stuðnings meðal almennings. Ísland hefur hins vegar aldrei áður sótt um aðild og því geta íslensk stjórnvöld, fræðilega séð, þess vegna ákveðið í dag að leggja inn umsókn. Þar að auki hafa skoðanakannanir lengi sýnt að meirihluti Íslendinga er fylgjandi aðildarviðræðum, svo fremi sem út úr þeim komi hagstæðir samningar sem bornir verði undir þjóðaratkvæði.

EKKI MIKLU FÓRNAÐ?

Varðandi framtíðarhorfur EES-samstarfsins er annars vert að rifja upp ummæli sem Hans-Adam II fursti af Liechtenstein hefur látið falla um það. Haustið 2003 varð diplómatiskt deila hans við stjórnvöld í Tékklandi og Slóvakíu nærri því til þess að samningarnir um aðlögun EES-samningsins að stækkun Evrópusambandsins kæmust ekki í gildi. Þá sagði furstinn að fastlega

HELSTU ÞÆTTIR ESB-SAMSTARFSINS SEM ERU UTAN VIÐ EES-SAMSTARFIÐ:

- Landbúnaðar- og sjávarútvegsmál
- tollabandalag og sameiginleg utanríkisviðskiptastefna
- Efnahags- og myntbandalagið, EMU
- skattamál
- utanríkis- og öryggismálafestna
- dómsmála og lögreglusamstarf



við JL-Húsið

Opið 08:00-18:30

S: 552 5070

Fiskur í dag ?

Ýsuflök
390 kr./ kg.

Ýsa í sósu
590 kr. / kg.

Reykt ýsa
690 kr. / kg.
(beinlaus)

Ýsa í raspi
690 kr. / kg.

- Ódýr rauðmagi -

Þar sem fiskurinn stoppar stutt

FBL GREINING: HNATTFLUGSVÉLIN GLOBALFLYER

Fljúgandi eldsneytistankur

Flugvélin, sem bandaríski auðkýfingurinn og ævintýramaðurinn Steve Fossett lenti í Kansas á fimmtudag eftir að hafa flogið fyrstur manna einsamall viðstöðulaust og án eldsneytisafyllingar umhverfis hnöttinn, er sérstök smíð. Hönnuður hennar er Burt Rutan, en hann er löngu orðinn goðsögn í heimi flugáhugamanna fyrir snilli sína í hönnun nýstárlegra flugfarartækja. Fyrir tveimur áratugum hannaði Rutan ásamt bróður sínum Dick flugvélinu Voyager, sem Dick flaug ásamt Jeanne Yeager umhverfis jörðina í desember 1986, en með því flugi, sem tók níu daga, voru nokkur heimsmet sett. Hann er enn fremur hönnuður SpaceShipOne, háflægustu flugvélar heims sem er grunnurinn að loftfarinu sem Richard Branson, og fyrirtæki hans Virgin Galactic, ætla að bjóða almennum


jarðarbúum far út í geim á (og til baka). Vél Fossetts, sem bar vinnuheitid Model 311-1 en var síðan nefnd GlobalFlyer, er nýjasta rósín í hnappagat Rutans. Hún er í rauninni flughæf umgjörð utan um 13 eldsneytistanka, sem jafnframt rúmar einn mann og er eins létt og mögulegt er. Hún er þríbóla. Ytri bolirnir tveir bera eldsneytisbirgðirnar, 2474 kíló af þotueldsneyti hvorumegin, auk lendingarbúnaðar og stéls, en miðbolurinn ber þrýstjafnaðan flugmannsklefann og sérsníðaðan þotu-hreyfilinn. Burðarefniviður vélarinnar eru koltrefjar, stífasta form þeirra er notað við smíði vængjanna og aramið-bíkúpumillilegg er notað á milli skinna. Við flugtak var eldsneyti 83% af þyngd vélarinnar. Vænghafið er 34,7 m, yfirborðsflötur vængja 37 fermetrar, lengd 13,4 m, þurr-




MEISTARASMÍÐ Heimsmets-flugvélin GlobalFlyer er nýjasta rósín í hnappagat hönnuðarins Burt Rutan

vigt 1.519 kg og flugtaksþyngd 9.980 kg. Sjá nánar: <http://www.scaled.com/> og <http://www.rutanaircraft.com/> og

http://www.centennialofflight.gov/essay/GENERAL_AVIATION/rutan/GA15.htm



LÍMD VIÐ SÍMANN
Stór og mikil tæknisýning fer fram í Hannover í Þýskalandi þessa dagana. Þessi kona sá um að halda veggspjöldum sýningarinnar hreinum.



STOFNANAKERFI EES
Ókleift yrði að viðhalda þessu kerfi með trúverðugum hætti ef Ísland eða Noregur skyldu ákveða að yfirgefa EFTA-stoðina. Þetta viðurkenna bæði Halldór Ásgrímsson og Kjell Magne Bondevik.

mætti búast við því að Noregur eða Ísland gengju í ESB á allra næstu árum og því ætti EES-samningurinn sér hvort eð er enga framtíð; litlu væri því fórn að þótt EES-samningurinn yrði óframkvæmanlegur vegna óleystrar deilu Liechtenstein við Tékkland og Slóvakíu. Reyndar tókst að búa þannig um hnúta að aðlögunarsamningarnir tóku gildi þrátt fyrir þessa óleystu deilu. En að svona mál skyldi geta stofnað EES-samstarfinu í hættu sýnir glögglega að það á í vök að verjast.

Uppfærsla út úr myndinni
Þótt flestir séu sammála um að EES-samningurinn hafi reynt Íslendingum vel er staðreyndin sú að hann er byggður á öðrum forsendum og kringumstæðum en nú ríkja, enda eru þrettán ár frá því hann var saminn. Því hafa vaknað spurningar um hvort samningurinn geti um okomin ár haldið gildi sínu sem þessi árangursríki grundvöllur að Evróputengslum Íslands. ESB hefur gefið skýrt til kynna að það hafi engan hug á að verða við beiðnum um uppfærslu samningsins. Þegar fulltrúar íslenskra stjórnvalda fóru þess á leit við fulltrúa ESB árið 2002, að samningarnir sem þá voru fram undan um aðlögun EES að stækkun ESB til austurs yrðu nýttir sem tækifæri til að uppfæra EES-samninginn, fengu þeir svohljóðandi svör: Ef þið viljið semja upp á nýtt gerið þið svo vel að koma ykkur fyrir í biðröðinni að fullri aðild að sambandinu.
Það stendur því upp á íslensk stjórnvöld að móta stefnu sem er undir það búin að EES-samstarfið líði undir lok. Þótt ályktun nýafstaðins flokksþings Framsóknarflokksins um stefnuna í Evrópumálum hafi verið loðin er þó eitt skýrt í henni: Ef ekki skyldi verða unnt að starfrækja EES-samninginn áfram ætti Ísland að móta samningsmarkmið og leita aðildarviðræðna við ESB, frekar en að reyna að tryggja hagsmuni Íslands í Evrópu með tvíhliða samningum.
Tíminn verður hins vegar að leida í ljós hvort sú ríkisstjórn, sem verður mynduð eftir næstu alþingiskosningar árið 2007, muni setja stefnuna á aðildarviðræður. ■

Marstíllboð

TÖSKUR FYRIR STAFRÆNAR MYNDAVÉLAR
Tilboðsverð frá: 1.690 kr.

1.690.-

SKRIFANLEGIR MAXELL DVD DISKAR
4,7GB. 120min. 25 stk. á spindli. Bæði -R og +R

Verð: 5.900 kr.
Tilboðsverð: 4.990 kr.

4.990.-

KÚLUTÚSSPENNI PENTEL ERGONOMIX
Litir: Svartur og blár

Verð: 649 kr.
Tilboðsverð: 299 kr.

299.-

269.-

A4 XEROX FJÖLNOTAPAPPÍR

Verð: 569 kr.
Tilboðsverð: 269 kr.

BROTHER FJÖLNOTATÆKI MFC-410CN
Nettengjanlegur litaprentari, litljósritun, litafax, litaskanni og minnskortalesari. Upplausn 1200x6000 dpi. Minnkun/stækkun: 25 til 400 %.

Verð: 26.900 kr.
Tilboðsverð: 21.900 kr.

21.900.-

1.690.-

SVART VESKI FYRIR LÓFATÖLVUR

Verð: 2.490 kr.
Tilboðsverð: 1.690 kr.

INTEGO SKRIFBORÐSSETT
Litir: Svart og blátt

Verð: 3.145 kr.
Tilboðsverð: 1.499 kr.

1.499.-

A4 GATAPOKAR
100 stk. plast

Verð: 418 kr.
Tilboðsverð: 199 kr.

199.-

PENNINN

skoðun

SJÓNARMÍÐ
HAFLÍÐI HELGASON

Íslenska óperan vinnur frábært starf við erfiðar aðstæður.

Mikilvæg menningarstoð

Íslenska óperan hefur gegnt veigamiklu hlutverki í íslensku menningarlífi undanfarnin ár. Vegna hennar og starfs Söngskólans í Reykjavík sprakk út blómi nýrrar kynslóðar söngvara sem auðgað hafa íslenskt samfélag undanfarnin ár. Margir þessara ungu söngvara starfa við óperuhús víða um heim, en gleðja íslenska áheyrendur með reglulegum heimsóknum. Starf þessara tveggja stofnana við þróngan kost hefur borið ríkulegan ávöxt.

Fram undan eru samningaviðræður Íslensku óperunnar við íslenska ríkið um starfsemi hennar til næstu fimm ára. Vonandi er ríkur skilningur fyrir mikilvægi starfs óperunnar og þætti hennar í flóru menningarlífsins.

Að undanfögnu hefur verið tekist á um listræna stefnu Íslensku óperunnar. Jónas Sen tónlistargagnrýnandi gagnrýndi stefnu og verkefnaval óperunnar í ljósi þeirra aðstæðna sem hún býr við. Eðlilegt er að tekist sé á um stefnu mikilvægs menningarfyrrbærar eins og Íslensku óperunnar. Umræðan varð hins vegar vatn á myllu þeirra sem hafa horn í síðu hennar. Jafnvel heyrðust raddir sem héldu því fram að stærsti hluti áhorfenda óperu væru þar af félagslegum ástæðum fremur en í leit að listrænni upplifun. Gagnrýni Jónasar byggðist á ást á óperu, tónlist og þróun menningarlífsins og fráleitt að nýta sér hana til fjandskapar í garð fagurs listforms. Gagnrýnin sýnir einmitt lífsmark í umræðunni. Henni hefur líka verið svarað kröftuglega.

Frjó umræða um menningarstarfsemi er af hinu góða. Öllum sem fylgjast með íslensku menningarlífi má vera ljóst að gríðarlega merkilegt starf hefur verið unnið innan veggja Íslensku óperunnar frá stofnun hennar. Starfsemi sem hefur bæði alið af sér og þroskað fjölda listamanna og auðgað menningarlíf landsmanna. Slíkt starf er enn unnið í Íslensku óperunni og hún hefur sem aldrei fyrr sinnt kynningu og uppfræðslu fyrir börn og unglina. Hitt er öllum ljóst að starfsaðstaða Íslensku óperunnar takmarkar verulega möguleika til tilkomumikilla óperusýninga. Gamla bíó getur aldrei orðið óperuhús miðað við nútíma kröfur.

Ísland mun í framtíðinni keppa við önnur lönd um menntað fólk. Starfsemi sem byggir á miklum mannafla og lágum launum mun aldrei festa hér rætur. Möguleikar okkar felast í háu menntunarstigi og að hér festi rætur fyrirtæki í þekkingarstarfsemi. Slík fyrirtæki þurfa að vera samkeppnishæf við önnur um vinnuafli. Menntaðir starfsmenn fyrirtækja gera kröfur til þess samfélags sem þeir búa í. Kröfur um gott menntakerfi og fjölbreytt menningar- og tólmstundalíf.

Sinfóníuhljómsveit Íslands, Íslenska óperan og fleiri stóðir íslensks menningarlífs eru bautasteinar fjölbreytni og þroska menningarlífsins. Ekkert samfélag rís hærra en mennta- og menningarstig þess leyfir. Saman hafa ávallt farið í sögunni hátt menningarstig, menntun og hagsæld. Það samhengi mun ekki rofna. Þess vegna á að hlúa að öllum þeim stöðum ef við viljum á annað borð tilheyra þeim hluta heimsins sem hefur það best. ■

Event

Síðustu forvöð

að tryggja sér miða á atburð ársins!



5 dagar í sýningu

MIDASALA: Skífan • Event.is • 575 1522

20% afsláttur á Pilobolus fyrir Vörðufélaga



FRÁ DEGI TIL DAGS

Hugrekki

Guðmundur Gunnarsson og félagar hans í miðstjórn Rafiðnaðarsambandsins sýndu lofsvert hugrekki með ályktun sem þeir gerðu um 1. maí hátíðarhöldin á föstudaginn. Þeir vilja leggja kröfugöngu dagsins af og efna í staðinn til fjölskylduhátíðar í Laugardalnum. Allir vita að sá tími er liðinn að 1. maí sé dagur rauðra fána og heróps um stéttabaráttu. Æ færri taka þátt í samkomum verkalýðssamtakanna þennan dag. Örfáar hræður láta sjá sig í 1. maí göngunni sem fer niður Laugavegin. Þetta er eðlilegt því þjóðfélagið hefur gerbreyst á þeim tíma sem liðinn er frá fyrstu kröfugöngunni á fjórða áratugnum. Og hlutverk og baráttumál verkalýðssamtak-

anna hafa líka breyst. Innan verkalýðshreyfingarinnar viðurkenna margir að þetta sé rétt en enginn hefur fram að þessu haft hugrekki til að segja það upphátt.

Barn síns tíma

Í ályktun miðstjórnar Rafiðnaðarsambandsins segir: „Kröfugangan er barn síns tíma og fer því fjarri að hún standi undir þeim væntingum sem hin almenni félagsmaður gerir í dag. Lítil þáttaka ásamt athafna margskonar öfgahópa hefur eyðilagt þá áferð sem var á þessum degi. Miðstjórn RSÍ telur að núverandi fyrirkomulag sé verkalýðshreyfingunni ekki til framdráttar og fyllilega tímabært að nálgast viðhorf nútímans og ná jákvæðri athygli“.

Fjölskylduhátíð

Enn fremur segja Guðmundur og félagar: „Miðstjórn RSÍ leggur til að stéttarfélagin í Reykjavík sameinist um að halda víótæka fjölskylduhátíð í Laugardalnum. Sett verði upp skemmtidagsskrá í Laugardalshöll. Þar væri boðið upp á eitt 15 mín. ávarp og vönduð skemmtiatriði. Boðið verði upp á kaffi og meðlæti fyrir þá sem vilja. Stéttarfélagin setji upp kynningarbása á starfsemi sinni og stefnumörkun í anddyri og fyrir framan höllina, þar sem m.a., verði útbýtt frímiðum í Húsdýragarðinn, sundlaugar og fl. fyrir börnin“.



gm@frettabladid.is

Eins og geisli

„Hún kom eins og geisli inn í grafarhúm kalt“. Þannig orti Þorsteinn Erlingsson um vantrúna undir lok 19. aldarinnar en svo nefndi hann þá lífsafstöðu að tileinka sér ekki auðsveipur steinrunnið kenningakerfi heldur spyrja, leita og þenkja, rannsaka og draga ályktanir sjálfur í stað þess að láta yfirvöld stjórna andlegu lífi sínu.

Sennilega eigum við erfitt með að ímynda okkur hvernig það var að búa við trúræði á borð við það sem ríkti hér á landi öldum saman og hvílk lausn það var fyrir ungt fólk þess tíma að neita að gangast undir klerkaveldið.

Menn hafa verið að kalla eftir aukinni kristindómsfræðslu í skólum og sumir meira að segja krafist þess að teknar verði upp bænastundir í skólum. Þau börn sem ekki eru alin upp í kristni mega samkvæmt þessu fara fram á meðan – vertu úti – svona til að ekkert fari á milli mála um það hvílk frik þau séu. Trúboðið er réttlætt með því að þetta sé „okkar“ menning sem okkur beri að heiðra, gott ef ekki sjálft samhengið í íslensku menningu – yfirgnæfandi meirihluti landsmanna játi kristna trú og meirihlutinn verði að fá að hafa þetta eins og hann vill... Kristnin skýri líka yfirburði okkar yfir þá hluta mannkyns sem í myrkrinu búi, hún hafi fært okkur frjálsa hugsun, kvenréttindi, lýðrættindi, málfrelsi, fyrir utan náttúrulega eilíft líf...

En þá gleymist eitt: Þjóðfélag okkar er sekúleriserað – veraldlegt. Og sekúleriseringin hefur haldist í hendur við frjálsa hugsun og þróun vísinda sem leitt hafa til þess að menn hafa komist á snöðir um eitt og annað sem stangast á við kenningar biblíunnar, rétt eins múslimar gerðu á sínum tíma þegar þeir losnuðu undan þróngum stakki kóransins. Sekúlerisering táknar að völd klerka yfir lífi fólks hafa verið

Í DAG KRISTINDÓMUR Í SKÓLUM

GUÐMUNDUR
ANDRI
THORSSON



„Þjóðfélag okkar er sekúleriserað – veraldlegt. Og sekúleriseringin hefur haldist í hendur við frjálsa hugsun og þróun vísinda sem leitt hafa til þess að menn hafa komist á snöðir um eitt og annað sem stangast á við kenningar biblíunnar...“

afnumin og að biblían er ekki höfð að leiðarljósi við lagasetningu eða úrlausn mála líkt og raunin er með kóraninn í helsta stuðningsríki Bandaríkjamanna í mið-austurlöndum, Sáði-Arabíu. Biblían geymir ekkert síður en kóraninn ýmis fánleg boð og bönn sem ættuð eru úr löngu liðnu og fullkomlega fjarlægju samfélagi þar sem staðhættir líkjast í engu staðháttum hér; og afskaplega óviðeigandi að fara að jástast undir löngu aflagt feðraveldi. Við höfum lítið við gamla testamentið að gera nema í bókmenntalegu samhengi – til að dást að orðkyngi spámannanna, erótík ljóðaljóðanna og tign sálmannanna í texta sem hefur sig upp yfir stund og stað, eins og allar miklar heimsbókmenntir gera, á íslensku máli sem brýnna er að varðveita en rausið í spámanninum. En til að fá leiðsögn um líf sitt ætti fólk frekar að fá sér sjálfshjálparbækur nútímans en að reyna að fá botn í Esekíel.

Um nýja testamentið og kærleiksboðskap Jesú Krists gegnir allt öðru máli – hann fellur aldrei úr gildi.

Ég held að til sé íslensk kristni og að höfuðrit hennar sé eftir meistara Þórberg: ævisaga séra Árna Þórarinssonar. Þetta eru trúarbrögð sem sprottin eru upp úr landsháttum hér, bændamenningu, barnaprælkun, fásinni, einangrun og myrkrri og alltumlykjandi og lifandi náttúru sem ýmist er undurblið eða ógurleg. Þetta er trú á stokka og steina. Þetta er hugmyndafræðin sem Þorgeir Ljósveitningagoði og þeir allir komu hér á þegar þeir féllust á að taka upp kristni en blóta á laun – sérkennilegur samruni evrópskrar kristni og heidinnar sem fyrir var í landinu. Allt er kvíkt af leyndu lífi í þessari trú – skemmtilegt er myrkríð: það er álfur í sérhverjum hól, um fjörur ráfa marmennlar og sækýr eru á beit, hestar gætu reynst nykrar, draugar ríða húsum, tröll eru í fjöllum... en fyrst og fremst gengur fram af síðum bókarinnar takmarkalaus trú á afl ljóssins og kærleikans: hún er full af sögum um lækningar fólks sem hefur ekkert annað í höndunum en skært ljós. Við búum í skammdegislandi. Við trúum á ljósið.

Hvað á að kenna í skólum? Oft hef ég furðað mig á því hversu mikið fer fyrir Mósebókum í stundarskrá dóttur minnar og spurt af hverju hún sé ekki heldur að læra landafræði eða ensku eða grasfræði eða afla sér einhverrar þekkingar á veröldinni eins og hún er – ekki eins og Móses og Jeremías héldu að hún væri. Hins vegar mætti kenna henni um álfa og tröll, Þorgeirsbola, móra og skottur og afl ljóssins til að sigrast á slíkum kvikindum.

En í hinum gömlu fræðum frá Palestínu ætti að duga að sýna börnunum Life of Brian með Monty Python. ■

ORÐRÉTT

Allir á barinn

Mikil tækifæri í bjórnum.

Millifyrirsögn í grein um Björgólf Thor Björgólfsson DV 5. mars.

Bara mismunandi abnormal

Ekkert til sem heitir normal íslensk fjölskylda.

Fyrirsögn í Morgunblaðinu 6. mars.

Aðeins á Króknum?

Vor á Króknum.

Lögreglufrétt í Fréttablaðinu 6. mars

Hver á þá að jarma?

Eiga lömbin að þagna?

Spyr Sigurður Sigurðsson verkfræðingur

Morgunblaðið 6. mars

Óttaðist ekki átök

Ég á haglabysu og hef fyrir henni leyfi en held ég sleppi því að taka hana með mér á þingið.

Sverrir Hermannsson fyrir Landsþing Frjálslynda flokksins

DV 5. mars.

Aðrir kostir eru umdeildari

Ríkisstjórnin hefur alla ástæðu til að kjósa nú þann kostinn sem samstaða getur orðið best um.

Benedikt Sigurðarson um grunnetið og Símann.

Fréttablaðið 6. mars

Spaklega mælt

Þú getur notið einhvers án þess að eiga það.

Sverrir Berg Steinarson í Fréttablaðinu 6. mars.

Hvað er gata og hvað er ekki gata?

Það verður annað hvort þessi gata eða engin gata.

Bolli Kristinnsson kaupmaður um Laugavegin.

Fréttablaðið 6. mars

Mistök skulu standa

Segir leiðréttingu nefndarinnar óheimila.

Fyrirsögn í Morgunblaðinu 6. mars.

Jörðin er ekki heldur eilíf

Það er mín skoðun að flugvöllurinn verði ekki þarna til eilífðarinnóns.

Steinunn Valdís Óskarsdóttir borgarstjóri um flugvöllinn í Reykjavík.

Fréttablaðið 5. mars

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónsson FRÉTTARITSTJÓRAR: Sigrún M. Egilsson og Sigmundur Emir Rúnarsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir AUGLÝSINGASTJÓRI: Þórnundur Bergsson RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skatahlíð 24, 105 Reykjavík AÐAL-SÍMI: 550 5000 SÍMBRÉF Á FRÉTTAÐEILD: 550 5006 NETFÖNG: ritstjorn@frettabladid.is og auglysingar@frettabladid.is VEFANG: visir.is UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Isafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. dreifing@posthusid.is Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

GÓÐAR GJAFIR

Ferming 2005



Pioneer PIONEER DCS-222
HEIMABÍÓ
Fermingartilboð kr. 49.900



SHARP
SHARP HT-CN400DVH
HEIMABÍÓ
Fermingartilboð kr. 26.900



Fermingartilboð kr. 21.900

SHARP
SHARP XL-S10H
HLJÓMTÆKJASTÆÐA

SHARP



SHARP XL-S10H
HLJÓMTÆKJASTÆÐA
Fermingartilboð kr. 10.900



Pioneer PIONEER DV-370
DVD SPILARI
Fermingartilboð kr. 13.900



QONIX QONIX DVD-3330
KARIOKI SPILARI
Fermingartilboð kr. 8.900



QONIX QONIX RDA-4485
FERÐATÆKI
Fermingartilboð kr. 5.990



CELESTRON DH 60AZ
STJÖRNUKÍKIR
Fermingartilboð kr. 12.900



OLYMPUS
OLYMPUS OLY8X21
SJÓNAUKI
Fermingartilboð kr. 4.790



DIGITAL COOL
mPIO
MPIO DMK-128
MP3 SPILARI
Fermingartilboð kr. 13.900

3JA ÁRA
OLYMPUS
ÁBYRGÐ
HJÁ ORMSSON



OLYMPUS
OLYMPUS C-370
STAFRÆN MYNDAVÉL
Fermingartilboð kr. 12.990



3JA ÁRA
OLYMPUS
ÁBYRGÐ
HJÁ ORMSSON

OLYMPUS
æði!!!
4.0 milljón pixlar
OLYMPUS MJU-MINI
STAFRÆN MYNDAVÉL
Fermingartilboð kr. 27.900



SAMSUNG
SAMSUNG LW15M23C
LCD SJÓNVARP
Fermingartilboð kr. 59.990



BRÆÐURNIR
ORMSSON

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800

ORMSSON
SMÁRALIND



UMBOÐSMENN UM LAND ALLT

JÚRÍ ALEXEJEVITS GAGARÍN (1934-1968)
lést þennan dag.



„Ég sé engan guð hérna uppi!“

Þessi orð lét rússneski geimfarinn Júrí Gagarín falla árið 1961 á sporbaug um jörðu, en hann var fyrsti maðurinn út í geim. Hann fór í geimfarinu Vostok 1 umhverfis jörðina og var þyngdarlaus í 89 mínútur.

TÍMAMÓT

timamot@frettabladid.is

PETTA GERÐIST

Lögregla barði mótmælendur í Alabama

Fyrir fjórúti árum upp á dag réðist 200 manna lið lögreglu og sjálfboðaliðar í lögreglu í Alabama í Bandaríkjunum á 500 manna kröfugöngu svartra og hvíttra þar sem krafist var aukinna mannréttinda. Fólkið vildi knýja á um jafnan rétt svartra og hvíttra til að kjósa, en ganga átti frá borginni Selma til höfuðstaðar fylkisins, Montgomery.

Að minnsta kosti 50 orðu fyrir meiðslum þegar lögreglan réðist til atlögu með táragsi, svipum og kylfum. Ríkisstjórnin hafði gefið skipun um að stöðva skyldi gönguna „til að tryggja öryggi almennings.“ Að minnsta kosti 17 voru lagðir á sjúkrahús með brákaðar höfuðkúpur og útlími, auk þess sem fólk þjást af völdum táragsins. Miðpunktur baráttunnar um jafnan kosningarétt til handa svörtum í Bandaríkjunum hafði síðan 1963 verið í Selmu. Mótmæli sem fram fóru í janúar og febrúar 1965 voru barin niður með valdi, en þar lést meðal annars baráttumaðurinn Jimmy Lee Jackson.

Tveimur dögum eftir ofbeldisverkin í Selmu stóð mann-

rétindafrómuðurinn Dr. Martín Luther King fyrir annarri göngu. Hópur hans féll á kné og bað til guðs fyrir framan lögreglu liðið sem stöðvaði gönguna, en ekki kom til átaka í það skipti.

Dr. King hófðaði síðan mál fyrir alríkisdómi þar sem hann vildi fá viðurkenndan rétt fólks til að ganga fylktu liði til Montgomerys. 21. mars fór svo fram þriðja og síðasta gangan, þá undir vernd lögreglu. Í lok göngunnar voru fleiri þúsund manns viðstaddir mótmælafund og í ágúst sama ár var kosningalögum breytt þannig að bannað var að viðhafa ólíkar aðferðir á kjörstað eftir litarhafti eða kynþætti kjósenda.



7. MARS 1965 Lögreglu lið Alabama í Bandaríkjunum réðist á mótmælagöngu þar sem krafist var jafnræðis svartra og hvíttra við framkvæmd kosninga.

MERKISATBURÐIR

- 1854 Charles Miller fær einkaleyfi í Bandaríkjunum á saumavél sem gerði hnappagöt.
- 1876 Alexander Graham Bell fær einkaleyfi fyrir símann sinn
- 1902 Sögufélagið, félag áhugamanna um sagnfræði, var stofnað til að gefa út heimildarit um sögu Íslands.
- 1930 Útvegsbanki Íslands var formlega stofnaður.
- 1931 Sjöttíu símastaurar milli Reykjavíkur og Hafnarfjarðar brotnuðu í stormi.
- 1935 Endurtílfærsla Saar til Þýskalands markar upphaf útþenslu Þýskalands.
- 1981 Lagið *Af litlum neista* hlaut flest atkvæði í fyrstu söngvakeppninni sem Sjónvarpið efndi til.

AFMÆLI



Jakob L. Kristinnson dósent í eiturefnafræði er 62 ára í dag.



Aðalsteinn Ingólfsson listfræðingur er 57 ára í dag.



Halldór Runólfsson yfirdýralæknir er 57 ára í dag.



Helgi Þorgils Friðjónsson myndlistarmaður er 52 ára í dag.



Anna Kristine Magnúsdóttir ritstjóri og útvarpskona er 52 ára í dag.

ANDLÁT

Gísli Teitur Kristinsson, vélstjóri, Suðurgötu 43, Akranesi, lést þriðjudaginn 1. mars.

Jóhanna Björnsdóttir, Mýrargötu 18, Neskaupstað, lést miðvikudaginn 2. mars.

JARÐARFARIR

13.00 Sveinn Valdimar Lýðsson, Snorrabraut 30, verður jarðsungiinn frá frikirkjunni í Reykjavík.

13.30 Kristinn Hólm Vigfússon, Ránargötu 23, Akureyri, verður jarðsungiinn frá Akureyrarkirkju.

15.00 Guðmundur Eyjólfsson, Hrafnistu í Reykjavík, áður Álfamýri 49, Reykjavík, verður jarðsungiinn frá Fossvogskirkju.

FÆDDUST ÞENNAN DAG

1785 Alessandro Manzoni, rithöfundur.

1792 Sir John Herschel, stjörnufræðingur.



1850 Thomas Masaryk, tékkneskur stjórnmálamaður.

1875 Maurice Ravel, tónskáld.



1908 Anna Magnani, leikkona.



1942 Michael Eisner, stjórnarformaður Walt Disney Co.

1945 John Heard, leikari.



1946 Peter Wolf, söngvari J Giels Band.

1946 Matthew Fisher, hljómborðsleikari Procol Harum.



1954 Matt Frenette, trommuleikari Loverboy.



1961 Mary Beth Evans, leikkona.

ANNA KRISTINE MAGNÚSDÓTTIR

Anna Kristine segist ekki skilja fólk sem skammast sín fyrir að eldast. Hún fagnar hverjum afmælisdegi, enda ekki sjálfgefið að fólk nái fimmtugsaldri eða haldi heilsunni.



TÍMAMÓT: ANNA KRISTINE MAGNÚSDÓTTIR ER 52 ÁRA Í DAG

Pakklát fyrir hvern afmælisdag

„Það er svo sem ekkert á dag-skrá, ég er bara 52 ára og lifi enn á minningunni um fimmtugsafmælið,“ segir Anna Kristine Magnúsdóttir, útvarpskona með meiru sem á afmæli í dag.

Anna Kristine er flestum kunn úr útvarpi en er lækningaritari á Seltjarnarnesi að aðalstarfi. Samstarfsmenn Önnu njóta góðs af afmælinu því hún ætlar að færa þeim veitingar í tilefni dagsins og kvöldinu hyggst hún verja í faðmi fjölskyldunnar og góðra vina.

Anna er mikið afmælisbarn og hélt ríflega upp á fimmtugsafmælið fyrir tveimur árum. „Ég bauð 200 manns í veislu og fékk frænda minn frá Tékklandi óvænt í heimsókn sem var mjög gaman. Ég skil ekki fólk sem

skammast sín fyrir að eldast og ég er guði þakklát fyrir hvern afmælisdag sem ég upplifi. Það er ekki sjálfgefið að maður verði 52 ára eða við hestaheilsu alla tíð,“ segir Anna. æðruleysið uppmálað, og bætir við að það megi búast við rosalegu partí þegar hún verður sextug.

Anna minnst þó sérstaklega eins afmælisdags þegar dóttir hennar bauð henni út að borða á Hótel Borg. „Þetta var svo sem ekkert merkilegur dagur, ég man ekki einu sinni hvað ég var gömul, en við mæðgurnar fóru saman út að borða. Þegar við pöntuðum eftirréttinn fórum við yfir í gyllta salinn og þar voru allir vinir mínir mættir í eftirrétt. Það var virkilega óvænt og skemmtilegt kvöld.“

Anna Kristine ritstýrði tímaritinu Ský um skeið en hætti því nýlega og sneri aftur í útvarpið. „Ég var að byrja með þáttinn Messufall á Talstöðinni á sunnudagsmorgnum klukkan ellefu, en ég skrifa enn þá fyrir Ský sem lausapenni.“ Anna er ein þekktasta útvarpskona landsins og segist elska útvarp. „Ég er búin að vera í fjölmiðlum í 28 ár en byrjaði í útvarpi árið 1991 og finnst þetta langskemmtilegasti miðillinn,“ segir Anna og bætir við að tækniáður hennar til margra ára, Ragnar H. Björns-son, eigi afmæli sama dag og hún.

Efnistöð Önnu Kristine eru oftast ekki á mannlegu nútunum sem Anna kann betur við en „harða“ blaðamennsku. „Ég var í afleysingum á DV í eitt sumar

eða svo og var þá í „hörðu“ fréttunum og held að þetta hafi verið leiðinlegasta sumar ævi minnar.“

Auk þess að vera komin aftur í útvarpið stendur Anna á annars konar tímamótum. „Ég hef ákveðið að selja íbúðina. Ef það er einhver skemmtilegur aðili sem vill leigja mér íbúð í Vesturbænum á sanngjörnu verði má hann hafa samband. Ég skal ryksuga upp í leiguna,“ segir hún og hlær.

Þrátt fyrir að vera mikið afmælisbarn óskar Anna ekki eftir neinu sérstöku í afmælisgjöf; segist vera komin á þann aldur að sig vanti ekki neitt og eigi of mikið af öllu ef eitthvað er. „Það eina sem ég óska er að ég haldi minni innri ró sem ég er nýbúin að öðlast, það er fyrir mestu.“ ■

Ný heimasíða og opið hús

Samtök um vinnu- og verkþjálfun (SVV) hafa opnað nýja heimasíðu á slóðinni www.hlutverk.is.

Í tilefni af opnuninni verður á morgun opið hús hjá vinnustofum aðildarféлага samtakanna, en þar á meðal eru Blindravinnustofan, Múlalundur, vinnustaðir ÖBÍ, Sólheimar, Reykjalundur, og fleiri. Opið verður frá klukkan 11 árdegis til klukkan sex síðdegis, en nánari upplýsingar er að finna á nýju heimasíðunni. ■

Amnesty International:

Ný skýrsla um skotvopn

Íslandsdeild Amnesty International kynnr í dag nýja skýrslu um áhrif skotvopna á líf kvenna. Skýrslan er samvinnuverkefni mannréttindasamtakanna Amnesty International, manúðar- og mannréttindasamtakanna Oxfam og alþjóðahreyfingarinnar IANSA sem berst gegn misnotkun smávopna.

„Skýrslan greinir frá margþættum áhrifum skotvopna á líf kvenna, á heimilum, af hálfu lögreglu, vopnaðra klíka, í vopnuðum átökum og stríði. Í skýrsl-

unni er auk þess fjallað um hvað hægt er að gera til að stöðva ofbeldi gegn konum og misnotkun skotvopna,“ segir í tilkynningu samtakanna, en útkoma skýrslunnar er hluti af herferð Amnesty International sem ber heitið „Í okkar höndum – endum ofbeldi gegn konum“ og herferðinni „Komum böndum á vopnin“ sem Amnesty International, IANSA og Oxfam standa saman að og stefnir að samþykkt alþjóðlegs vopna- viðskiptasáttmála. ■

LEIÐRÉTTING

Rangt var farið með sögulega staðreynd varðandi mannfall í seinni heimsstyrjöldinni í grein sem birtist á tímamótasíðum blaðsins fyrir skemmtu. Þar kom fram sú algenga trú að Íslendingar hafi hlutfallslega misst fleiri í styrjöldinni en Bandaríkin. Hið rétta mun þó vera að Bandaríkin hafi misst um 300 þúsund manns af hernaðarorsökum, eða 2,3 á hverja þúsund íbúa, meðan Ísland missti um 150 manns, eða 1,2 á hverja þúsund íbúa, svo vitað sé. Óvíst er um örlög 43 sjómanna og 4 farþega af þremur skipum og því ekki hægt að fullyrða þeir hafi fallið í hernaðaráttökum.



Sólarupprás	Hádeggi	Sólarlag
REYKJAVÍK 8.14	13.39	19.05
AKUREYRI 8.01	13.23	18.47

Heimild: Almanak Háskólans

FRÉTTABLAÐIÐ

Góðan dag!

Í dag er mánudagurinn 7. mars, 66. dagur ársins 2005.

FASTEIGNASÖLUR

101 Reykjavík	14
Akkurat	20-21
Ás	12-13
Ásbyrgi	26
Bífröst	22
Domus	25
Draumahús	18-19
Eignakaup	27
Eignalistinn	9
Eignastýring	9
Eignaval	31
Fasteignamarkaðurinn	23
Fasteignamiðlun	24
Fasteignam. Grafarv.	24
Fasteignam. Hafnarfj.	5
Fyrirtækjasala Ísl.	29
Hof	7
Hóll	15 og 32
Hús.is	30
Hraunhamar	10-11
Húsaland	15
Húseign	25
Höfði	28
Lyngvík	4
Miðborg	6
Nethús	17
Nýtt heimili	32
Pingholt	8

SMÁAUGLÝSINGAR

byrja í dag á bls. 32

Flokkar & fjöldi

Bílar & farartæki

Keypt & selt

Þjónusta

Heilsa

Skólar & námskeið

Heimilið

Tómstundir & ferðir

Húsnæði

Atvinna

Tilkynningar

hús.o.fl.

Garðurinn undirbúinn BLS. 2
Steypt hús flutt á nýjan stað BLS. 3

fasteignir

Aðalstræti lifnar við BLS. 16
Hverfi í miðaldastíl BLS. 26

allt - fasteignir

ER ÞÍN FASTEIGN AUGLÝST HÉR?

MEST LESNA FASTEIGNABLAÐ LANDSINS



Gistiheimilið Aurora er nú til sölu og selst með öllum búnaði.

Gistiheimili í miðbænum

Fasteignasalan FMH er nú með Gistiheimilið Aurora á Freyjugötu 24 í Reykjavík á sölu. Húsið er steinsteypt, tvær hæðir, kjallari og ris – samtals 284,4 fermetrar.

Undanfarin ár hefur verið rekið gistiheimili með tólf herbergjum á þremur hæðum við Freyjugötu 24 í Reykjavík. Á gistiheimilinu hafa verið tvö eins manns herbergi, sex tveggja manna herbergi og fjögur herbergi fyrir tvo til þrjá gesti. Í hverju herbergi er sími og handlaug og aðgangur að sturtu og salerni er á gangi á hverri hæð. Ekki er full lofthæð í kjallara en þar hefur verið komið fyrir setustofu og sjónvarpsherbergi, þvottaherbergi, vinnuherbergi, geymslu og inntaksrými. Á fyrstu hæð er komið inn í litla for-

stofu. Frá forstofu liggur stigi upp á efri hæðir. Komið er inn í hol og þaðan er innangengt í tvö þriggja manna herbergi, eitt tveggja manna, flísalagt baðherbergi og opið inn í eldhús og morgunverðaradstöðu.

Á annarri hæð er millipallur þar sem gengið er inn í tvö þriggja manna, eitt tveggja manna og tvö þriggja manna herbergi ásamt flísalögðu baðherbergi.

Í risinu eru fjögur tveggja manna herbergi og eru tvö með útgang á svalir. Baðherbergið er flísalagt. Stigi liggur niður í kjallara úr holi fyrstu hæðar en einnig er útgangur sunnanmegin út á baklóðina.

Athugandi er að brjóta upp gólf í kjallara til að auka nýtingu á honum. Gistiheimilið er selt með öllum búnaði sem í því er.

Ásett verð er 55 milljónir.

LIGGUR Í LOFTINU

í fasteignum

Íbúðaverð hækkaði mest á Austurlandi milli ára 2003 og 2004, alls 34,8%. Þetta kemur fram á vefsíðu Fasteignamatís ríkisins. Á höfuðborgarsvæðinu var hækkun 13,2% milli sömu ára. Norðurland vestra var með 12,1% hækkun og Norðurland eystra með 10,6% hækkun. Á eftir þeim svæðum kemur Suðurland með 9,9% hækkun, Reykjanes með 9,0% hækkun og Vesturland með 8,8% hækkun.

Minnst hækkun varð á íbúðaverði á Vestfjörðum á þessu umrædda tímabili, aðeins 1,7%.



Sundlaug er í byggingu á Drangsnosi í Strandasýslu. Þar hafa iðnaðarmenn verið að störfum undanfarnar vikur,

pípulagningamenn að ganga frá lögnum og jöfnunartökum og rafvirki að mæla fyrir ljósum og rafhlögnum. Þetta kemur fram á vefnum www.strandir.is

fasteignir@frettabladid.is

Íbúðalán

4,15%

Kynntu þér kostina við íbúðalán Landsbankans. Fáðu ráðgjöf hjá sérfræðingum okkar og veldu leiðina sem hentar þér best. Hafðu samband í síma 410 4000 eða á fasteignathjonusta@landsbanki.is

410 4000 | landsbanki.is



Landsbankinn
Banki allra landsmanna

Parfáping

Hamar er parfáping og að minnsta kosti einn slíkur ætti að vera til á hverju heimili. Hann er hinn parfasti þjónn við húsbýggingar og framkvæmdir af ýmsu tagi og algerlega ómissandi í verkfærakassann.



Gæða húshanda þér



Bjálkahús ehf

Hefur skapað sér orð fyrir vönduð hús.

Hús okkar eru byggð til að endast.

Á fjórðahundarð hús hafa venð byggð.

einingahús-bjálkahús-sumarhús

www.husogheimili.is

Komdu við á skrifstofu okkar til að fá nánari upplýsingar
HÚSogheimili - BJÁLKAHÚS EHF / Krókháls 5A, 110 R, s: 511-1818

» FASTUR

birto

» PUNKTUR



Ef vel er staðið að sáningunni og umhirðunni uppsker fólk ríkulega, segir Guðbjörg Kristjánsdóttir, garðyrkjumaður í Garðheimum.

Fræin eiga að fara í mold í þessum mánuði

Fræ af öllum tegundum standa nú frammi í verslunum enda tímabært að undirbúa sumarkomuna. Guðbjörg Kristjánsdóttir garðyrkjumaður segir vönduð vinnubrögð skipta sköpum.

breitt yfir. Þetta getur fólk gert inni hjá sér og látið kassa og potta standa í gluggum. Það verður þó að passa að ofnar séu ekki heitir undir fræjunum svo þau þorni ekki. Fræin verða að vera í birtu, því hiti og myrkur gera það að verkum að upp koma spírur sem ekkert verður úr.

Guðbjörg bendir líka á að fræ sé ekki endilega það sama og fræ. „Það er hægt að kaupa sams konar fræ á ólíku verði, ódýru fræin geta kostað um þa bil 115 krónur meðan dýrari fræin fara upp í 600 krónur. Það borgar sig þó oft að kaupa dýrari fræin og mörg fræ eru gæðastimpluð, en þar er merkingin F1 best.“

Þegar sáningu sumarblómanna er lokið er passlegt að huga að matjurtafræjunum, en þau er best a setja niður í kringum 20. apríl.

„Það borgar sig svo ekki að fara með plönturnar út í beð fyrr en í júní þegar ekki er lengur hættu á næturfrostri. En aðalatriðið er auðvitað að hlúa vel að plöntunum á öllu ferlinu, þá uppsker maður ríkulega,“ segir Guðbjörg.



Í Garðheimum er gríðarlegt úrval sumarblómafræja og vandinn mestur að velja milli allra þessara fallegu tegunda.

Ný forrit fyrir heimili og skóla á: www.skola.is

- Fræðsluefni
- Tómstundavörur
- Föndurvörur
- Myndlistarvörur
- Hannyrðavörur
- Skólavörur
- Skrifstofuvörur
- Búnaður
- Húsgögn



Skólavörubúðin

Smiðjuvegi 5, Kópavogi • S. 58 50 500 • www.skola.is

FERMAX

DYRA SÍMAR fyrir heimili og fyrirtæki



Dyrasímar með skjá

Fást bæði með lita- og sv/hv skjá. Auka símtól fylgir.



Práðlaus dyrasími

Er einnig venjulegur heimilissími. Mismunandi hringingar.



Dyrasímar

Venjulegir dyrasímar fyrir heimili og fyrirtæki. Ýmsar gerðir.

Upplýsingar í síma 553 5600



Skipholti 33 • 105 Reykjavík
Sími 553 5600 • www.rafsol.is
rafsol@rafsol.is

SANDBLÁSTURSFILMUR Í HEIMAHÚS

-ERTU MERKILEGUR ?



Memo ehf • Dugguvogi 21
Sími: 557 2332 • www.memo.is

GÍTARINN EHF.

www.gitarinn.is STÓRHÖFÐA 27 -SÍMI: 552 2125 gitarinn@gitarinn.is

Erum að taka upp nýja sendingu



Rafmagnsgítarpakki verð frá kr. **27.900**
Rafmagnsgítar, magnari, poki, ól, snúra og gítarneglur.

Þjóðlagagítar frá kr. 14.900



Trommusett með öllu, ásamt æfingarplöttum og kennslumyndbandi rétt verð kr. **79.900**
tilboðsverð kr **59.900**

BJÓÐUM UPPÁ RAÐ- OG LÉTTGREIÐSLUR

Gegnheilt Parket Tilboðsverð

á meðan birgðir endast

10 mm gegnheil eik kr. 1750 pr. ferm

15 mm gegnheilt parket / míkrofasað fullfrágengið, lakkað eða olíuborið.

Verð frá kr. 3250 pr. ferm

Myndir og nánari upplýsingar á www.parketsalan.is

Parketsalan ehf
Hringbraut 119, S.5526699

Steinhús söguð niður og reist annars staðar

Miklar framkvæmdir standa nú yfir á Norðurbakkanum í Hafnarfirði en þar er verið að rífa 6.000 fermetra af húsnæði sem mun víkja fyrir nýrri byggð. Stórir byggingamassar verður fluttir í einu lagi og nýttir á öðrum stað.

unum og flytja til uppsetningar annars staðar. Af heildarmagninu þarna munum við nýta um það bil 4.000 fermetra og trúlegt að ekki hafi áður jafn stórir byggingarmassar verið fluttir í einu lagi.

Bortækni hefur langa reynslu af því að rífa niður hús, en ekki jafn langa í að setja þau upp aftur. „Í þessu verkefni stöndum við



Þókin verða líka nýtt á nýja staðnum. Guðjón Halldórsson, verkefnastjóri hjá Bortækni, er ánægður með að geta bjargað verðmætum.

Byggingarnar sem um ræðir eru gamla Bæjarútgerðin, Norðurstjarnan, skemmur flutningafyrirtækisins Jóna og Eimskipafélagsskemman. Húsnæðið mun þó ekki allt hafna á haugunum því húsnæði Jónanna verður sagað niður og reist aftur annars staðar. „Fyrst og fremst erum við að rífa niður Norðurstjörnunna og Bæjarútgerðina því þau hús eru ekkert hægt að nýta,“ segir Guðjón Halldórsson, verkefnastjóri Bortækni, sem sér um framkvæmdirnar.

„Við munum hins vegar taka burðarvirki og þök af skemm-

frammi fyrir því að þurfa að rífa og henda byggingum sem eru fleiri þúsund fermetrar og sumar ekki nema 15 ára gamlar. Það er mikil sóun á verðmætum,“ segir Guðjón. „Nú þegar við búum yfir aukinni og öflugri flutningatækni kjósum við að flytja það sem er nýtilegt frekar en að henda því í sjóinn. Það er það skemmtilega við þetta. Nú er allt orðið einnota og algengast að henda bara og byggja upp á nýtt. Stysta leiðin í þessu hefði verið að setja jarðýtuna á allt saman. Það er bara engin verðmætasköpun í því. Byg-



Grindin af skemmuni stendur ein eftir. Hún verður söguð niður og flutt á nýjan stað.

ingarnar munu rísa á nýjum stað og hjóna tilgangi sínum í áratugi í viðbót.

Einingarnar eru sagaðar niður með vír- og demantssögum og merktar. Á nýja staðnum verður um einhverja steypuvinnu og samsetningu að ræða.

Framkvæmdirnar eru á áætlun og Bortæknimenn munu hafa tæmt svæðið í lok apríl. „Húsnæðið verður svo nýtt í það sem það hentar best í og nú þegar hafa fjölmargir aðilar sýnt áhuga á húsnæðinu.“

edda@frettabladid.is



Sumar bygginganna eru ónýtilegar og verða jafnaðar við jörðu.

STÁLVASKAR



BADHEIMAR

Fosshálsi 1

110 Reykjavík sími 525-0800

www.badheimar.is



Talstöðin
FM 90,9

**ÞÚ HEYRIR
ÞAÐ STRAX**

Talstöðin færir þér fréttir oftár á sólarhring en nokkur önnur íslensk útvarpsstöð.

Glæsilegt úrval
Sisal og Kókos
gólfteppa

Heimilisgólfdukar
Tilboðsverð
frá kr. 900 á m²

Teppamottur
40% afsláttur

Teppi horn í horn

Stigateppi
Níðsterk og létt í þrifum

Gerum
tilboð að
kostnaðar-
lausu

GÓLFBÚNAÐUR
KJARAN EHF • SÍÐUMÚLI 14 • 108 REYKJAVÍK
SÍMAR 510 5510 • 510 5500
OPIÐ VIRKA DAGA KL. 8 -18.

LYNGVIK

FASTEIGNASALA

Síðumúla 33 - Sími 588 9490 - www.lyngvik.is - lyngvik@lyngvik.is

OPIÐ

mánudaga-fimmtudaga frá kl. 9-18, föstudaga frá kl. 9-16.
Svo er GSM-inn alltaf opin.



Sigrún Gissurardóttir,
lögg. fasteignasali



Steinar S. Jónsson,
sími 898 5254



Daníel Björnsson,
sími 897 2593



Þorsteinn Auðri
sölufulltrúi, sími 820 3466

GVENDARGEISLI MEÐ STÆÐI Í BÍLAGEYMSLU OG SÉRINNGANGI



Það sem ég fékk út úr þessu var að brjóta aðeins upp mynstrið sem við festumst oft í, ég eignaðist þrjá nýja vini sem hafa verið í sambandi og boðið okkur í afmælisveislu og fleira, en síðast en ekki síst þá uppgötvaði ég að fólk er ekki hrætt við að tengjast á miklu nánari máta en ég hélt. Þegar þessir nýju vinir fóru heim voru lokaorðin þau að þetta hefði verið frábær gjörningur og að þau skyldu að bjóða einhverjum ókunnugum í mat fljótlega, þessu konsepti var gefið nafnið „strange dinner“ og ég skora á þá sem þetta lesa að prufa.

Kveðja, Friki

FLÍSAR og efni til flísalagna



Tilboð:


Filtteppi kr. 295.- m²

Sisalteppi kr. 2.490.- m²




Sturtuklefar í miklu úrvali.

15% afsl. til páska.



ALFABORG

Skútuvogi 6 • Sími 568 6755



Plastparket m/ viðaráferð, margar gerðir.

Verðdæmi:

Merbau 8mm kr. 1.090.- m²



NORDSJÖ málning fyrir vandláta.

Samstarf um rannsóknir í matvælaíðnaði

Nýr samstarfssamningur Sæplasts og Háskólans á Akureyri er sagður stórt skref í samstarfi fyrirtækja og rannsóknaraðila á Norðurlandi. Skrifað var undir samninginn fyrir helgi, en hann felur í sér að Sæplast hf. og Háskólinn á Akureyri vinna saman að rannsóknum á þeim sviðum sem tengjast lausnum frá Sæplasti. Að auki felur hann í sér að leitað verður nýrra lausna sem tengjast geymslu- og flutningatækni í matvælaíðnaði.

„Sæplast leitar einnig til fræðimanna innan háskólans vegna vissra verkefna sem Háskólinn á Akureyri er ekki nauðsynlega aðili að,“ segir í tilkynningu á vef Sæplasts.

Geir A. Gunnlaugsson, forstjóri Sæplasts hf. og Þorsteinn Gunnarsson, rektor Háskólans á Akureyri, skrifuðu undir samninginn í verksmiðju Sæplasts á Dalvík.

Fram kemur að Sæplast veiti áfram styrki til ákveðinna verkefna sem tengjast framhaldsnámi á háskólastigi við Háskólan á Akureyri og unnin eru fyrir fyrirtækið. „Í slíkum tilfellum er um að ræða meistaraþrófsverkefni nemenda við háskólann. Einnig verða í boði styttri BS-verkefni og koma leiðbeinendur í verkefnum frá Háskólanum á Akureyri eða Sæplasti hf. Hugmyndir og tillögur að verkefnum koma bæði frá nemendum og leiðbeinendum HA,

FRÉTTAHLAÐIÐ/KK



HÁSKÓLINN Á AKUREYRI Fyrirtækið Sæplast á Dalvík og Háskólinn á Akureyri skrifuðu nýlega undir samning um samstarf á sviði rannsókna. Sæplast heldur engu að síður áfram að styrkja einstök verkefni í framhaldsnámi á háskólastigi við skólann.

sem og frá starfsmönnum Sæplasts.“ Samningurinn er sagður til kominn í beinu framhaldi af

stofnun Tækniseturs Sæplasts hf. sem staðsett er í verksmiðju fyrirtækisins á Dalvík. ■



Ertu að ná til viðskiptavinarins?

BETRI MARGMIÐLUNARLAUSNIR

Sterkari ímynd – Aukinn árangur

Margmiðlunarlausnir Nýherja mæta þörfum verslunar- og þjónustufyrirtækja til að koma upplýsingum á framfæri við neytendur með markvissum hætti og þannig að ná auknum árangri.

Á réttum tíma og stað

Margmiðlunarlausnir gera fyrirtækjum kleift að miðla sérsniðnu efni til viðskiptavina sinna á nákvæmlega réttum tíma og réttum stað með hámarks myndgæðum. Lausnirnar geta m.a. samanstaðið af flatskjáum og netspilurum, myndvörpum, upplýsingastöndum og hljóðlausnum.

Síminn í fararbroddi með margmiðlunarlausnum

Verslanir Símans búa yfir margmiðlunarlausnum frá Nýherja og hafa þær átt þátt í að styrkja ímynd verslana þeirra og skila auknum árangri í sölu. Með Sony netspilurum geta starfsmenn Símans t.a.m. stjórnað kynningarefni miðlægt frá einum stað en þannig er hægt að bjóða tilboð á ákveðinni vöru samtímis á landinu öllu. Með upplýsingastöndum hefur Síminn aukið þjónustu við viðskiptavini þar sem þeir geta sótt með aðstoð snertiskjás upplýsingar eftir sínum þörfum um þá þjónustu sem Síminn veitir.

Sala eykst um 650% hjá verslunum 7-11 í Danmörku

Mörg dæmi eru um að margmiðlunarlausnir Sony hafi aukið verulega sölu á auglýstri vöru en t.a.m. jókst sala á auglýstri vöru um allt að 650% hjá 7-11 verslunum í Danmörku er þær tóku lausnina í notkun. Um er að ræða sams konar lausnir og Nýherji býður fyrirtækjum hér á landi.



Hafðu samband við söluráðgjafa Nýherja sem bjóða þér faglega ráðgjöf við val á réttu margmiðlunarlausninni sem styrkir ímynd fyrirtækisins og stuðlar að auknum árangri.

Síminn er 569 7700 og netfangið er myndlausnir@nyherji.is



Nýherji hf. · Borgartúni 37 · 105 Reykjavík · Sími 569 7700 · www.nyherji.is

VINNA
VIRÐING
VELLÍÐAN



8. mars
OPIÐ HÚS
há okkur

ÁS VINNUSTOFA
AMS Í REYKJAVÍK
ÁSGARÐUR HANDVERKSTÆÐI
BERGÍÐJAN
BLINDRAVINNUSTOFAN
BJARKARÁS
FJÖLÍÐJAN
HÓLABERG - IÐJUBERG
HRINGSJÁ
HÆFINGARSTÖÐIN HVESTA
HÆFINGARSTÖÐIN Í KEFLAVÍK
HÆFINGARSTÖÐ VIÐ SKÓGARLUND
KLÚBBURINN GEYSIR
KERTAVERKSMÍÐJAN HEIMAEY
MÚLALUNDUR
PLASTÍÐJAN BJARG
IÐJULUNDUR
SÓLHEIMAR
STÓLPI
VINNUSTADIR ÖBÍ
VINNUSTOFUR SKÁLATÚNS
VISS - VINNU-OG HÆFINGARSTÖÐ
ÖRVI

**TRYGGJUM
ÖLLUM
HLUTVERK!**

HLUTVERK
Samtök um vinnu-
og verkþjálfun


www.hlutverk.is

MESTA ÁHORF Í

Könnun Gallups dagana 4.-10. febrúar

Meðaláhorf á dag

Allir landsmenn undir 50 ára



Ekki missa af nýjum þáttum í mars:



ÞAÐ VAR LAGIÐ

Nýjasta æðið. Fjölskylduþáttur sem hefur farið sigurför um heiminn



REYKJAVÍKURNÆTUR

Íslenskir gamanþættir framleiddir af Baltasar Kormáki.



ELDSNÖGGT MED JÓA FEL

Vinsælasti sjónvarpskokkur landsins snýr aftur.



MEDIUM


Spennuþættir um þekktasta miðil Bandaríkjanna. Þættir sem hafa slegið í gegn.

SÖGU STÖÐVAR 2

15 vinsælustu þættirnir

Allir landsmenn undir 50 ára

1	Idol-Stjörnuleit	57,3 %
2	Idol-Stjörnuleit símakosning	51,7 %
3	Spaugstofan	46,3 %
4	American Idol	31,0 %
5	Laugardagskvöld með Gísla Marteini	30,0 %
6	Örninn	29,4 %
7	The Amazing Race	26,4 %
8	The Simpsons	25,1 %
9	CSI: Miami	25,0 %
10	Sjálfstætt fólk	24,9 %
11	Strákarnir – mánudaga*	24,0 %
12	Punk'd	23,5 %
13	24	23,4 %
14	Gettu betur	23,3 %
15	Strákarnir – þriðjudaga*	23,3 %



Hlutdeild í sjónvarpsáhorfi:
konur undir 50 ára.



ÁSKRIFT: 515 6100 | WWW.STOD2.IS | SKÍFAN | OG VODAFONE

*Strákarnir voru ekki tilgreindir sérstaklega í dagbók. Því má gera ráð fyrir að áhorf á þættina sé meira.



Aðal frétt vikunnar

Troðsla Baldvins Þorsteinssonar

Það ráku margir upp stór augu þegar Baldvín Þorsteinsson, leikmaður Vals í handbolta, tók upp á því að troða boltanum ofan í körfu á vegg Hlíðarenda þegar hann var í hraðaupppláupi gegn KA í síðustu viku. Annað eins hefur ekki sést í handboltaleik á Íslandi í ár og aldri.

sport
sport@frettabladid.is

Með sextán mörk í þremur leikjum

Knattspyrnukonan Margrét Lára Viðarsdóttir hefur heldur betur verið óstöðvandi með liði sínu Val í Reykjavíkurmótinu í knattspyrnu. Hún hefur skorað sextán mörk í þremur leikjum liðsins og óhátt að segja að þessi efnilega stúlka byrji vel með Val en hún gekk til liðs við félagið í vetur eftir að hafa alið sinn feril hjá ÍBV. Margrét Lára byrjaði á því að skora fimm mörk gegn Fylki, skoraði síðan sjö mörk gegn Fjölni og endaði á því að skora fjögur mörk í úrslitaleiknum gegn KR á laugardaginn.

Mörkin skipta ekki máli

Fréttablaðið hringdi í Margréti Lára til forvitnast um þetta markaregn. Hún vildi fyrst ekkert kannast við að vera búin að skora sextán mörk, taldi mörkin frekar vera fjórtán eða fimmtán en eftir

að blaðamaður hafði útskýrt fyrir henni að skýrslur KSÍ lygju aldrei viðurkenndi hún að mörkin væru nokkuð mörg. „Ég tel reyndar aldrei mörkin hjá mér og það skiptir mig engu máli hvað ég skora mörg mörk. Það er að visu rosalega gaman að skora mörk, ég væri að plata ef ég segði það ekki, en mestu máli skiptir að við vinnum leikina. Við höfum unnið þessa leiki í Reykjavíkurmótinu stórt og það er kannski ekkert óeðlilegt við það að framherji eins og ég sé með þriðjung markanna. Síðan er ég með frábæra samherja sem eru duglegir við að leggja upp færi fyrir mig,“ sagði Margrét Lára sem líkar vistin í Val vel. „Þetta er frábært lið, með mjög góðan þjálfara og ég sé svo sannarlega ekki eftir því að hafa skipt.“ Aðspurð um markmið næsta tímabils sagði Margrét Lára að

markmiðið væri að vinna alla leiki – mörkin kæmu síðan af sjálfu sér.



> Við gleðjumst yfir því ...

... að Michael Schumacher hefur ekki jafn mikla yfirburði í formúlu 1 kappakstrinum nú eins og í fyrra, ef eitthvað er að marka frammistöðu hans í fyrsta móti ársins. Það þýðir að tímabilið í ár verður eitthvað annað að horfa á en í fyrra.

> Við hrósum ...

... HSÍ fyrir að mynda sjálfir nefnd sem nú hefur lagt fram tillögu sem mun stokka upp íslandsmótið í handknattleik. Þjálfarar og forsvarmenn handknattleiksfélaga hafa sífellt verið að kvarta undan núverandi keppnisfyrirkomulagi en aldrei fundið þörf fyrir því að koma sjálfir með nýjar hugmyndir. Það er happ þeirra sömu að hafa á bak-við sig fonystu sem nennir að vinna skítverkin fyrir þá.



HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

MARS

4 5 6 7 8 9 10

Miðvikudagur

LEIKIR

21.30 Fjölnir og HK/Víkingur mætast í Egilshöll á Reykjavíkurmóti kvenna í fótbolta.

SJÓNVARP

15.45 Helgarsportíð á Rúv.

16.10 Ensku mörkin á Rúv.

17.30 Þrumuskot ensku mörkin á Skjá Einum.

22.40 Enski boltinn Manchester City – Bolton á Skjá Einum.

23.30 Ensku mörkin á Rúv.

Björgvin Björgvinsson:

Varð fimmti í Slóveníu í gær

SKÍÐI Skíðakappinn Björgvin Björgvinsson frá Dalvík hafnaði í fimmta sæti á alþjóðlegu FIS-móti í Slóveníu í gær. Björgvin, sem var 22. í rásröðinni, var þrettándi eftir fyrri umferð en var með besta tímamann í seinni ferðinni, rúmlega sekúndu betri en næsti maður, og reif sig upp í fimmta sætið.

Kristján Uni Óskarsson frá Ólafsfirði var með tíunda besta tímamann eftir fyrri ferð en náði ekki að klára þá seinni. Sindri Már Pálsson úr Breiðabliki og Dalvíkingurinn Kristinn Ingi Valsson náðu ekki að klára fyrri ferðina í Slóveníu í gær. ■

Þórður Birgisson:

Æfir með Strömmsgodset

FÓTBOLTI Siglfirski framherjinn Þórður Birgisson, sem skoraði þrettán mörk með KS í 2. deildinni á síðasta tímabili, dvelur þessa dagana hjá norska 1. deildarliðinu Strömmsgodset en hann mun æfa með liðinu fram að næstu helgi. Það var Marko Tanasic, þjálfari KS, sem hafði milligöngu með



ÞÓRÐUR BIRGISSON

Noregsferð þórðar en hann lék á sínum tíma með Strömmsgodset. Þórður spilaði æfingaleik með Strömmsgodset á laugardaginn en tókst ekki að skora á þeim þrjátíu mínútum sem hann spilaði. Ståle Brandsrud, aðstoðarþjálfari liðsins var ekki heillaður af Þórði og sagði í samtali við staðarblaðið Drammens Tidende að Þórður hefði verið alltof villtur og hlaupið út um allt, nokkuð sem væri ekki gott fyrir framherja. ■

Gjörbreytt íslandsmót

Tillaga um breytt keppnisfyrirkomulag á Íslandsmóti í handbolta liggur fyrir og verður hún kynnt á ársþingi HSÍ sem fram fer næsta laugardag. Yfirgnæfandi líkur eru á að tillagan verði samþykkt.

HANDBOLTI Tillagan sem kynnt verður á ársþinginu á laugardag kemur frá nefnd sem var skipuð í framhaldi af formannafundi sem haldinn var þann 12. febrúar sl. Felur hún í sér miklar breytingar, þar sem sú stærsta er líklega sú að úrslitakeppnin góða, sem skoríð hefur úr um íslandsmeistara mörg undanfarin ár, er úr sögunni. Þess í stað verður tekin upp einföld deildarkeppni þar sem það lið sem fær flest stig mun standa uppi sem Íslandsmeistari. Er þetta samskonar fyrirkomulag og er við lýði í mörgum stærstu deildum Evrópu, t.d. þýsku og spænsku úrvalsdeildinni.

Fari því svo að tillagan verði samþykkt munu öll fjórtán lið landsins koma saman í einni deild á næsta ári þar sem keppt verður tvöföld umferð, heima og að heiman.

Að sögn Einars Þorvarðarsonar, framkvæmdastjóra HSÍ, stóð sambandið nýlega fyrir skoðanakönnun fyrir þjálfara og forsvarmenn handboltafélaga þar sem niðurstöður sýndu að vilji er innan hreyfingarinnar að setja Íslandsmótið í efstu deild karla í tvær deildir. Að sögn Einars mun það ekki geta gerst fyrir en á næsta ári en fyrirhugað sé að sex lið verði felld að loknu móti á næsta ári, gangi tillagan í gegn.



EINAR ÞORVARÐARSON

Það sé hins vegar ekki fyrir en á Ársþinginu að ári sem að sú tillaga verður tekin fyrir.

„Hugmyndin er þá að tímabilið 2006-2007 verði leikið í tveimur deildum þar sem átta lið skipi efstu deild. Þá verði leiknar þrjár umferðir þar sem innbyrðis viðureignir liða í fyrstu tveimur umferðunum ráði til um hvar viðureign liðanna í þriðju umferð fer fram. Þannig þurfa liðin að hugsa um úrslit allt mótið og markatalan er farin að skipta máli frá fyrsta leik,“ segir Einar.

Áætlað er að deildarkeppninni sjálfri með slíku fyrirkomulagi verði lokið um miðjan apríl. Í tillögunni er enn fremur að finna hugmyndir um svokallaðan Deildarbikar sem færi fram strax að loknu íslandsmóti og tæki 2-3 vikur. Í honum hefðu fjögur efstu lið deildarinnar þátttökurétt, Íslandsmeistari myndi spila við liðið sem hafnar í 4. sæti, og liðin í 2. og 3. sæti myndu keppa innbyrðis. Þau lið sem fyrir vinna tvo leiki í undanúrslitum komast í úrslit þar sem liðið sem fyrir vinnur þrjá leiki mun standa uppi sem sigurvegari. Segir Einar að með deildarbikarnum sé komið mót sem svipi mjög til úrslitakeppninnar og þeirrar stemningu sem jafnan fylgir henni.

Íslandsmeistari öðlast að sjálfsgöðu rétt í Meistarakeppni Evrópu. Sigurvegarinn í deildarbikarnum öðlast þátttökurétt í EHF-keppninni og liðið í 2. sæti deildarinnar tekur þátt í Áskorandakeppninni. Þá verður óbreytt fyrirkomulag á bikarkeppninni þar sem sigurvegari öðlast þátt-



NÝTT MÓT Nýtt fyrirkomulag felur í sér að allir leikir vetrarins skipta jafn miklu máli. Áhorfendur fá því meira fyrir sinn snúð og meiri ástæða fyrir því að mæta á hefðbundna deildarleiki.

tökurétt í Evrópukeppni Bikarhafa.

Einar segir að tillögurnar hafi þegar verið kynntar fyrir forsvarmönnum félaga landsins og að flestir þeirra hafi tekið mjög vel í breytingarnar. Og ef tekið er

mið af þeim miklu gagnrýnisróddum um núverandi deildarkeppnisfyrirkomulag verði að teljast yfirgnæfandi líkur á að breytingartillagan nýja verði samþykkt á ársþinginu.

vignir@frettabladid.is

Intersportdeildin í körfubolta:

Helgi Jónas breytir miklu fyrir Grindavík

KÖRFUBOLTI Vegna meiðsla hefur Helgi Jónas Guðfinnsson aðeins spilað fimm leiki með Grindavík í Intersportdeildinni í körfubolta í vetur en þegar þessi 29 ára bakvörður er í leikmannahópi liðsins má finna mikil batamerki á leik liðsins.

Gengi Grindavíkur í vetur hefur verið ein samfelld hrakfallasaga og eftir að hafa unnið 35 af 44 leikjum og verið í tveimur efstu sætum síðustu tvö tímabil er Grindavíkurliðið enn að berjast fyrir sæti inn í úrslitakeppnina í ár og hefur tapað einum leik fleiri en liðið hefur unnið.

Það skiptir því miklu máli að reynslumikill leikmaður eins og Helgi Jónas geti hjálpað til að rétta af skútuna því allir eru samála um að Grindvíkingar hafi yfir góðum mannskap að ráða, mannskap sem gæti komist langt smelli liðið saman. Tölfræðin er

líka sterk þegar kemur að mikilvægi Helga Jónasar.

Grindavík hefur þannig unnið 4 af 5 leikjum sem Helgi Jónas hefur verið með í, þar á meðal þá tvo síðustu gegn ÍR og KFÍ, en hefur aðeins unnið 6 af hinum 16 leikjum liðsins án hans. Það má sjá mun á mörgum tölfræðibáttum í þeim leikjum sem Helgi Jónas hefur tekið þátt í, töpuðu boltarnir eru þannig mun færri, liðið skorar meira, fær færri stig á sig og frákastar betur líkt og sést vel í töflunni sem fylgir.

Það má heldur ekki gleyma því að Helgi og Páll Axel Vilbergsson ná vel saman og Páll fær mun betri skot með Helga sér við hlið eins og sést á því að Páll skorar fleiri þriggja stiga körfur og hittir 13,5% betur fyrir utan þriggja stiga línuna en þegar Helgi Jónas er ekki með.

ooj@frettabladid.is



HELGI JÓNAS MIKILVÆGUR Helgi Jónas Guðfinnsson hefur dýrmætt hlutverki í liði Grindvíkinga.

Faxaflóamót kvenna:

ÍBV gaf leikinn gegn ÍA

FÓTBOLTI Ekkert varð af leik ÍA og ÍBV í Faxaflóamóti kvenna í knattspyrnu sem fram átti að fara í gær þar sem síðarnefnda liðið náði ekki í lið. Að sögn Sigurlás Þorleifssonar, þjálfara ÍBV, er liðið að kljást við mikla manneklu þessa dagana og því hafi þessi ákvörðun verið tekin. Það aftraði liðinu þó ekki frá því að leggja FH-stúlkur af velli kvöldið áður í sama móti, þar sem Hólmfríður



Magnúsdóttir og Olga Færseth skoruðu mörkin.

„Það voru margar tæpar fyrir þann leik en svo er ekkert spennandi að spila á mölinni á Akranesi. Sá völlur þykir ekki viðunandi fyrir karlana og það sama átti að gilda fyrir konurnar,“ sagði Sigurlás í samtali við Fréttablaðið í gær.

LEIKIR GÆRDAGSINS

Enska úrvalsdeildin

EVERTON-BLACKBURN	0-1
0-1 John Stead (71.).	
WEST BROM-BIRMINGHAM	2-0
1-0 Neil Clement (53.), 2-0 Kevin Campbell (64.).	

STAÐA EFSTU OG NEÐSTU LIÐA

CHELSEA	28	22	5	1	53-9	71
MAN. UTD.	29	18	9	2	47-17	63
ARSENAL	29	18	7	4	67-32	61
EVERTON	29	15	6	8	34-30	51
LIVERPOOL	28	13	4	11	41-30	43
C. PALACE	29	6	8	15	32-45	26
SOUTHAM.	29	4	12	13	30-44	24
WBA	28	3	12	13	25-49	21
NORWICH	29	3	11	15	29-58	20

Enska 1. deildin

MILLWALL-LEEDS	1-1
Gylfi Einarsson var ekki í leikmannahópi Leeds í leiknum vegna meiðsla á mjóðm.	

Spænska úrvalsdeildin

ATHLETIC BILBAO-ALBACETE	3-1
0-1 Ruben (12.), 1-1 Ezquerro (41.), 2-1 Lacruz (71.), 3-1 Guerrero (90.).	
ESPANYOL-LEVANTE	2-1
0-1 Sergio (23.), 1-1 Amavisca (28.), 2-1 Rodriguez (64.).	
MALLORCA-R.SOCIEDAD	3-2
0-1 De Paula (6.), 1-1 Romeo (14.), 1-2 Uranga (15.), 2-2 Garcia (20.), 3-2 Romeo (54.).	
NUMANCIA-VILLAREAL	1-1
0-1 Riquelme (27.), 1-1 Merino (60.).	
REAL BETIS-GETAFE	2-2
0-1 Vivar Dorado (15.), 1-1 Rivas (28.), 1-2 Pernia (46.), 2-2 Assuncao (54.).	
ZARAGOZA-R.SANTANDER	1-0
1-0 Capi (59.).	

Ítalska úrvalsdeildin

FIorentina-REGGina	2-1
1-0 Pazzini (49.), 2-0 Miccoli, víti (78.), 2-1 Colucci (78.).	
INTER-LECCE	2-1
0-1 Pinardi (21.), 1-1 Cordoba (26.), 2-1 Adriano, víti (87.).	
MESSINA-LAZIO	1-0
1-0 Coppola (43.).	
PARMA-CAGLARI	3-2
0-1 Bonera, sjálfsmark (4.), 1-1 Gilardino (10.), 2-1 Bovo (17.), 3-1 Simplicio (90.), 3-2 Suazo (90.).	
SAMPDORIA-CHIEVO	1-0
1-0 Gasbarroni (81.).	
SIENA-BRESCIA	2-3
0-1 xxx (xx.).	
UDINESE-BOLOGNA	0-1
0-1 Di Biagio (40.), 0-2 Caracciolo (45.), 1-2 Chiesa (53.), 1-3 Mannini (74.), 2-3 Maccarone (90.).	

Þýska úrvalsdeildin

NURNBERG-DORTMUND	2-2
0-1 Worns (62.), 1-1 Mintal (76.), 1-2 Rosicky (85.), 2-2 Vittek (88.).	
H.BERLIN-KAISERSLAUTERN	1-1
0-1 Mettomo (50.), 1-1 Madlung (85.).	

Deildarþikar karla

ÍBV-ÞÓR	3-1
1-0 Steingrímur Jóhannesson (37.), 2-0 Ian Jeffs (58.), 2-1 Vilmar Freyr Sævarsson, víti (77.), 3-1 Bjarni R. Einarsson (90.).	
FRAM-VÖLSUNGUR	0-0
BREIÐABLIK-FYLKIR	2-1
1-0 Steinþór Freyr Þorsteinsson (44.), 2-0 Ellert Hreinsson (46.), 2-1 Björgólfur Takefusa, víti (50.).	
KR-ÞRÓTTUR	3-1
1-0 Arnar Gunnlaugsson (17.), 2-0 Sigmundur Kristjánsson (53.), 2-1 Páll Einarsson, víti (55.), 3-1 Arnar Gunnlaugsson (73.).	

1. deild karla í handbolta

FH-STJARNAN	31-23
Mörk FH: Guðmundur Pedersen 9, Brynjar Geirsson 7, Heiðar Arnarson 6, Hjörleifur Þórðarson 4, Pálmi Hlökkversson 1, Arnar Þétursson 1, Jón Helgi Jónsson 1, Valur Arnarson 1, Hjörtur Hinriksson 1.	
Mörk Stjörnunnar: Davíð Ketilsson 6, Arnar Theódórsson 5, Jakob Sigurðarson 4, Þórólfur Nielsen 4, Gunnlaugur Garðarsson 2, Björn Óli Guðmundsson 1, Hermann Björnsson 1.	

DHL-deild karla

VÍKINGUR-HK	25-35
Mörk Víkings: Ragnar Hjaltested Ragnarsson 6, Árni Þórarinnsson 4, Benedikt Árni Jónsson 4, Þórir Júlíusson 3, Andri Berg Haraldsson 3, Þróstur Helgason 2/1, Björn Guðmundsson 2, Pétur Þorláksson 1. Varin skot: Reynir Þór Reynisson 19, Hilmar Guðmundsson 5.	
Mörk HK: Augustas Strazdas 7/3, Haukur Sigurvinsson 5/2, Valdimar Þórsson 5/1, Karl Grönvald 4, Elias Már Halldórsson 4, Tómas Eitutis 3, Hákon Bridde 3, Ragnar Ægisson 2, Alexander Arnarson 1, Wilhelm G. Bergsveinsson 1. Varin skot: Björgvin Gústafsson 10, Hörður Flóki Ólafsson 9.	

Með sigrinum komst HK í efsta sæti DHL-deildarinnar með 14 stig, einu stigi meira en Haukar sem eru í 2. sæti.

Breytingar í herbúðum Gróttu/KR á komandi tímabili:

Ágúst hættir sem þjálfari

HANDBOLTI Ágúst Jóhannsson, sem stýrt hefur karlaliði Gróttu/KR, undanfarin þrjú ár, hefur ákveðið að þjálfar ekki liðið á komandi tímabili. Ágúst sagði í samtali við Fréttablaðið í gær að hann hefðu ákveðið að hætta þar sem honum fannst hann vera kominn á leiðarenda með liðið.

„Ég vildi vera heiðarlegur og segja forráðamönnum liðsins það tímanlega að ég vildi ekki vera áfram. Það er komin þreyta í mig og leikmennina og því taldi ég þetta rétta leikinn í stöðunni. Mér hefur liðið afskaplega vel hjá Gróttu/KR. Það hefur gengið misjafnlega hjá okkur en ég held að þegar allt er skoðað þá geti ég verið nokkuð sáttur við það bú

sem ég skila af mér,“ sagði Ágúst sem ætlar að þjálfar áfram á komandi tímabili en leita á önnur við.

Guðmundur Þór Jóhannesson, formaður meistaraflokksráðs Gróttu/KR, sagði í samtali við Fréttablaðið að félagið væri nú þegar byrjað að leita að nýjum þjálfara en ekkert væri enn komið í ljós. „Við erum að skoða nokkra möguleika en það er ekkert fast í hendi,“ sagði Guðmundur en Gróttu/KR hyggst blása til sóknar á komandi tímabili og styrkja liðið verulega. „Við ætlum að styrkja hópinn sem nemur þremur til fjórum leikmönnum og kveikja handboltaáhugann hjá fólkinu á Seltjarnarnesi á nýjan leik.“ ■

ÁGÚST JÓHANSSON
Hefur tekið ákvörðun um að þjálfar ekki Gróttu/KR á næsta tímabili.



Tvö lið, einn leikur: Ómetanlegt

vinnur

ÞÚ LÚXUSFERÐ

fyrir 2 til Istanbúl til að sjá

úrslitaleikinn í UEFA Champions League

og upplifa stemmninguna?

Önnur verðlaun

3 PlayStation®2 leikjatölvur



Þriðju verðlaun

100 DVD diskar um fótbolta 'Þinn leikur, þeirra álit'



15. maí 2005
Istanbúl, Tyrklandi

miðar í boði MasterCard



Fyrsti deildarsigur Chelsea í hálfá öld er í sjónmáli að mati Jose Mourinho:

Sagði alltaf að við myndum vinna

FÓTBOLTI. Jose Mourinho, knattspyrnustjóri Chelsea segir að lið sitt sé komið með aðra höndina á meistaratitlinum á Englandi eftir öruggan sigur á Norwich um helgina, en liðið hefur átta stiga forskot í deildinni og á leik til góða á Manchester United og Arsenal.

„Ég hef alltaf sagt að við myndum vinna deildina og fólk hefur sakað mig um að vera hrokafullan. Við erum hins vegar

komnir í mjög vænlega stöðu og ef við náum góðum úrslitum gegn West Brom í leiknum sem við eigum inni, held ég að við séum komnir ansi nálægt titlinum“, sagði Portúgalinn, sem kveðst vilja tryggja deildarmeistaratilinn á Stamford Bridge, heimavelli Chelsea.

„Draumur okkar er að landa titlinum á heimavelli fyrir framan áhorfendur okkar, því þeir eiga það skilið. Ef við gætum tryggt okkur deildarmeistaratilinn á heimavelli tveimur vikum fyrir lok mótsins, yrði það frábært. Við hins vegar tökum því sem að höndum ber og þó það yrði ekki fyrir en í síðustu umferðinni, sætt-

um við okkur alveg við það“, sagði Mourinho.

Chelsea etur kappi við Barcelona í Meistaradeildinni í vikunni og er þess leiks beðið með mikilli eftirvæntingu. Chelsea nægir 1-0 sigur til að komast áfram í keppninni, eftir að hafa gert mikilvægt mark á útivelli í fyrri leiknum ytra. Vonast er til að Arjen Robben verði orðinn leikfær fyrir Chelsea, en Mourinho segist enga áhættu taka með leikmanninn.

„Ef hann verður tæpur fyrir Barcelona-leikinn, hvílum við hann fram að næsta deildarleik“, sagði knattspyrnustjórinn skrautlegi.

- BB

SIGURVISS Jose Mourinho er byrjaður að finna lyktina af enska meistaratitlinum

ÚR ÍPRÓTTAHEIMINUM

Fyrirum knattspyrnusníllingurinn Diego Maradona er nú að jafna sig eftir aðgerð sem framkvæmd var á honum til að minnka í honum magann. Maradona var orðinn hnöttóttur af offitu eftir að hafa barist við kókaínfíkn sína og því brugðu læknar á það ráð að minnka magann á kappanum til að sporna við áti hans. Hann mun dvelja á sjúkrahúsi í nokkra daga til að jafna sig eftir aðgerðina. Þessi 44 ára gamli fyrirum besti knattspyrnumaður heims hefur verið í miklum vandræðum með heilsu sína að undanförunum og var á tímabili vart hugað líf.



Arsene Wenger, knattspyrnustjóri Arsenal hefur gefið það út að hann muni aðeins leitast við að kaupa stórstjörnur til liðsins í sumar þegar opnar fyrir leikmannaskiptagluggan á ný.



Wenger segist ekki vilja stytta ungu leikmennina sem hafa staðið sig vel hjá liðinu í ár, leikmenn eins og Facrice Fabregas, Matheu Flamini.

Gael Clichy og fleiri, með því að kaupa leikmenn sem muni koma inn í stað þeirra, því það myndi eyðileggja andann í liðinu. „Við munum aðeins fá til okkar heimsklassa leikmenn sem geta fært okkur eitthvað alveg sérstakt“, sagði Wenger, sem mun væntanlega hafa rúmlega 20 milljónir punda úr að spila til að styrkja liðið í sumar, þrátt fyrir að liðið hafi þurft að sýna nokkurt aðhald í fjármálum undanfarið vegna vallarbyggingar sem stendur yfir hjá félaginu.

Miðjumaðurinn sterki hjá AC Milan Gennaro Gattuso hefur lýst því yfir að draumur hans sé að leika með Manchester United á Englandi þegar hann hættir að leika með ítalska liðinu. Þessi yfirlýsing kappans þykir koma á einkennilegum tíma, því lið hans á einmitt í höggi við United í 16-liða úrslitum meistaradeildarinnar í vikunni. „Ég myndi hafa gaman af því að leika fyrir svona stórt félag eins og United áður en ferli mínum líkur“, sagði Gattuso, en talið er líklegt að hann yrði ágætur arftaki Roy Keane, fyrirlíða United, sem leggur brátt skóna á hilluna, þótt að Alex Ferguson hafi sagt að Keane hreinlega fengi ekki að hætta knattspyrnuíðkun fyrir en hann segði til.



Jerry Buss eigandi Los Angeles Lakers hefur ekki gefið upp alla von í að lokka fyrirum þjálfara liðsins Phil Jackson til félagsins á ný og hafa þeir þegar átt viðræðufund



saman. Jackson þykir ekki líklegur kandidat í að taka við starfinu á ný eftir að hafa farið ófögrum orðum um aðalstjórnu liðsins, Kobe Bryant í bók sem hann gaf út

um síðasta tímabil sitt við þjálfun hjá Lakers, þegar liðið tapaði fyrir Detroit Pistons í úrslitum NBA í fyra. Í bókinni segir hann að Bryant sé eigingjarn og óviðeigandi persónuleiki og því þykir ólíklegt að þeir vinni saman aftur, þó að leikmaðurinn hafi lýst yfir áhuga sínum á að leika aftur undir stjórn Jackson.

Christian Horner, eigandi Red Bull-liðsins í Formúlu 1 er í skjýunum eftir frábæran árangur liðs síns í fyrstu keppni ársins í Ástralíu um helgina. Aðalökumaður liðsins, skotinn David Coulthard, hafnaði í fjórða sæti í keppninni og Christian Klien hafnaði í því sjöunda. Coulthard sagði eftir kappaksturinn að hann hefði sennilega unnið keppnina ef hann hefði ekki lent í jafn mikilli traffík og raun bar vitni „Mér fannst eins og ég hefði farið fram úr sex Jordan þilum, slík var örtröðin á brautinni“, sagði skotinn hæðnislega á blaðamannafundi eftir keppnina.



Eintak á 199 kr?

Sendu SMS skeytið **BTL VAST** á númerið **1900** og þú gætir unnið

10. hver vinnur

Aðalvinningur er: Mustek DVD spilari og SHARK TALE á DVD*

Í aukavinning er: SHARK TALE á DVD • SHARK TALE á VHS Fullt af öðrum DVD og VHS myndum og margt fleira.

Shark Tale á DVD

Lendir í verslunum BT 03/03/05

*Aðalvinningur verður dreginn út úr öllum innsendum SMS skeytum. Vinningar verða afhentir hjá BT Smáralind, Kópavogi. Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb. 199 kr/skeytið



SIGRINUM FAGNAÐ Ítalinn Giancarlo Fisichella hjá Renault mundar sigurlaunin eftir glæsilegan sigur í fyrstu keppni ársins í Formúlu 1. Fréttablaðið/Reuters

Keppnistímabilið í Formúlu 1 hófst um helgina:

Fisichella stal senunni á fyrsta móti ársins

FORMÚLA Ítalinn Giancarlo Fisichella var maður helgarinnar í Formúlunni, en hann sigraði nokkuð örugglega í fyrstu keppni ársins í Melbourne í Ástralíu. Rubens Barrichello hjá Ferrari hafnaði í öðru sæti í keppninni, en félagi Fisichella hjá Renault, Fernando Alonso varð í þriðja sæti og því má segja að lið Renault hafi verið sigurvegarar helgarinnar.

Liðið hafði verið að aka frábærlega á undirbúningstímabilinu og þeir sem spáðu því að Renault næði ekki að fylgja því eftir inn í tímabilið þurftu svo sannarlega að éta það ofan í sig eftir helgina.

Nokkuð var um óhöpp í keppni helgarinnar og til að mynda þurfti heimsmeistarinn Michael Schumacher að sætta sig við að falla úr keppni eftir að hann lenti í árekstri við Nick Heidfeld hjá

Williams. Athygli vakti að nýliðar Red Bull, með skotann David Coulthard fremstan í flokki, náðu frábærum árangri og höfnuðu í fjórða og sjöunda sæti.

Giancarlo Fisichella var mjög ánægður með byrjun sína á mótinu; „Þetta var nokkuð auðvelt allan tímann og það er frábært að byrja nýtt keppnistímabil svona vel. Ég reyndi að spara bílinn og aka varlega og það heppnaðist ágætlega, þó ég þyrfti að gá að mér þegar Rubens Barrichello sótti aðeins að mér í lokin“, sagði Fisichella, sem var á ráspól í keppninni eftir að hafa náð bestum tíma í tímatökum daginn áður.

Pat Symonds, yfirmaður tæknimála hjá Renault var ánægður með sína menn eftir keppnina og sagði lið sitt verða ofarlega í baráttunni um meistaratítilinn í ár. „Þið eigið eftir að sjá meira af Fisichella – þetta verður ekki síðasti sigur hans í ár“, sagði Symonds.

Rubens Barrichello varaði menn við því að afskrifa Ferrari. „Við verðum í slagnum í ár og þegar nýi bíllinn kemur verðum við enn sterkari“, sagði Brasilíumaðurinn, sem ók jafnt og yfirvegað í keppninni og hafnaði eins og áður sagði í öðru sæti.

baldur@frettabladid.is

ÚRSLITIN Í MELBOURNE:	ÖKUMÁÐUR:	LIÐ:
1. GIANCARLO FISICHELLA	RENAULT	
2. RUBENS BARRICHELLO	FERRARI	
3. FERNANDO ALONSO	RENAULT	
4. DAVID COULTHARD	RED BULL	
5. MARK WEBBER	WILLIAMS	
6. JUAN PABLO MONTOYA	MCLAREN	
7. CHRIS KLIEN	RED BULL	
8. KIMI RAIKKÖNEN	MCLAREN	

Próttarar leita að framherja fyrir sumarið:

Slóvaki á leið til Þróttar

FÓTBOLTI Lið Þróttar í Landsbankadeildinni á von á slóvenskum framherja til sín þann 17. mars nk. og mun hann vera hjá liðinu til reynslu í vikutíma. Að sögn Guðmundar Vignis Óskarssonar, framkvæmdastjóra Þróttar, er um að ræða framherja sem leikið hefur í úrvalsdeildinni í heimalandi sínu undanfarin tvö ár við góðan orðstír.

„Ef allar þær lýsingar sem við höfum heyrt af honum og hann stendur undir væntingum á æfingum tel ég ekki ólíklegt að gengið verði til samninga,“ sagði

Guðmundur Vignir í samtali við Fréttablaðið í gær. Áður höfðu Þróttarar samið við varnarmann frá Serbíu, Dusan Jovic að nafni.

Þá eru fulltrúar Þróttar á leið til Edinborgar í næstu viku til að ganga frá félagsskipuym Hjálmar Þórarinssonar til Hearts. Hjálmar hefur verið í láni hjá skoska úrvalsdeildarliðinu í vetur og staðið sig það vel að forráðamenn Hearts vilja

ólmir festa kaup á leikmanninum. Að sögn Guðmundar Vignis ber lítið á milli félaganna og því líklegt að samningaviðræður muna ganga greiðlega.



Eldfugl - Tilbúinn í matinn

Eldfugl fæst í eftirtöldum tegundum; gordon bleu, nuggets, borgari, spjót, strimlar, bollur, texmex úrb.læri, snitzel, buffalóvængir og hunangslæri.

Kjúklingur sem framleiddur er undir vörumerkinu Eldfugl hefur verið eldaður og er tilbúinn til notkunar.

Talstöðin
FM 90,9

GÓÐAN DAG MED
SIGURÐI G. TÓMASSYNI
Alla virka daga kl. 7.

IMG ráðgjöf stendur fyrir ráðstefnu:

SÝNILEGUR ÁRANGUR Í OPINBERUM REKSTRI

Stefnumiðað árangursmat

Verður haldin á Nordica Hótel, 9. mars kl. 13:00 - 16:30

DAGSKRÁ:

- 13:00 - 13:10 **IMG og sýnilegur árangur**
Ragnar Þórir Guðgeirsson, framkvæmdastjóri hjá IMG
- 13:10 - 13:40 **Setning:**
Mikilvægi árangursstjórnunar - framúrskarandi árangur
Geir H. Haarde, fjármálaráðgjafi
- 13:40 - 14:10 **BSC á Íslandi - hvað hefur áunnist?**
Okkar reynsla og okkar viðskiptavina
Simon Þorleifsson, stjórnunarráðgjafi IMG BSCol
- 14:10 - 14:40 **Innleiðing BSC á FSA - Að fá alla með**
Halldór Jónsson, forstjóri Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri
- 14:40 - 15:00 **Kaffi**
- 15:00 - 15:25 **Árangur af innleiðingu BSC**
Sjón Sigurgísladóttir, forstjóri Rannsóknarstofn. fiskiðnaðarinn
- 15:25 - 15:45 **Hvenær er BSC innleiðingu lokið?**
Úttektarlíkanið - fyrir stefnudrífna stofnun
Simon Þorleifsson, stjórnunarráðgjafi IMG BSCol
- 15:45 - 16:15 **Mælanlegur árangur Umferðarstofu**
Einar Solheim, framkvæmdastjóri Rekstrarsviðs
- 16:15 - 16:30 **Lokaspurningar og samantekt**
Hansína Ásta Björgvinsdóttir, bæjarstjóri Kópavogs
- 16:30 **Ráðstefnulok**
Fundarstjóri er Ragnar Þórir Guðgeirsson, framkvæmdastjóri hjá IMG

Ráðstefnugjald er 14.900 kr.
Skráning er á vef IMG, www.img.is

IMG
RÁDGIÖF

IMG
Laugavegi 170
105 Reykjavík
Sími 540.1000
www.img.is

THE RETURN OF HOUDINI UM PÁSKANA
MÍÐASALA Í SÍMA 568 8000
WWW.HOUDINI.IS

Quick
Einföld og áhrifarík leið til grenningar
Tilboð í:
Lyf & heilsa
Apótek Vestmannaeyja
Árbæjarapótek
Garðsapótek
Siglufjarðar Apótek
Hagkaup Smáralind

STUÐ MILLI STRÍÐA · Feitt fólk getur átt sig

SMÁRI JÓSEPSSON FÆRIR DJÚP SKILABOÐ FRÁ ÚTBRUNNUM ROKKARA

Fátt vekur jafn mikla kátínu og að lesa um þekktar rokkstjörnur og þeirra hugðarefni. Það kæmi hreint ekki á óvart að menn úr þessum geirum hafi notast við ýmsar kryddtegundir til að gera sögur sínar safaríkari, þeir verða jú að halda orðsporinu við lýð.
Það kom því töluvert á óvart þegar sá sem þetta skrifar las



viðtal við frægan rokkgítarleikara sem átti góðu gengi að fagna á níunda og tíunda áratugnum. Hann tilheyrði hljómsveit sem kennd var við gylsrokk og eins og svo oft vill verða með svo stórar stjörnur, leiddust meðlimir sveitarinnar út í skæða kynlífs- og eiturlyfjafíkn og varð líf þeirra eitt risastórt teiti í tæpan áratug. Hljómsveitin fór hamföllum um allan heiminn og er ótrúlegt að enginn úr hljómsveitinni hafi týnt lífi í öllu ruglinu. Menn komu hins vegar talsvert útbrunnir út úr þessu öllu saman, mismikið þó.
Eftir að hafa sagt skilið við hljómsveitina hélt okkar maður

áfram teitinu og var espiduft ósjaldan sögið upp í nebbann. Átti hann afar erfitt með að kveðja hið gamla líferni sem var orðið stórt vandamál. Óreglan fór svo að lokum á hilluna en þá tók önnur óhemja við – áttíkn. Kílóin hrönnuðust upp og tók það heila eilífd að hrista þau af sér. Kappinn hafði afar merkileg skilaboð fram að færa eftir þessa miklu lífeynslu. „Fólk hefur ekkert á móti því að maður sé sokkinn í eiturlyf, það er eins og þau hafi verið tekin í algjörlega sátt af almenningi. En ef þú ert of feitur – þá geturðu bara átt þig,“ sagði gítarleikarinn. Dæmi nú hver fyrir sig. ■

Talstöðin
FM 90,9
ÞÚ HEYRIR ÞAÐ STRAX
Talstöðin færir þér fréttir oftar á sólarhring en nokkur önnur íslensk útvarpsstöð.

Wiltu miða?
Sendu SMS skeytið
JA FHB á númerið 1900 og þú getir unnið.
11. hver vinnur
Vinningar eru:
Míðar fyrir 2 á HITCH
Varmingur tengdur myndinni
DVD myndir • Coca-Cola light • oflofl
Will Smith
HITCH
Kemur í bíó fimmtudaginn 3. mars
2 vikur á toppnum í Bandaríkjunum
Komið í bíó á sérstoku Hitch tilboði
Coca-Cola light
Vinningar verða afhendir hjá BT Smáralind. Köpavogi. Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb. 99 kr/skeytið

Framdi sjálfsmorð í gæsluvarðhaldi á Litla-Hrauni um helgina
DV – hefur þú séð DV í dag?

myndasögur

PONDUS

Eftir Frode Överli

Ég legg mikla áherslu á að hafa dýr í kringum mig. Það róar svo sálina!
YAP! YAP!
Ég er glaður að heyra það! Við tókum hundinn með.

GELGJAN

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Mamma ég þarf virkilega, virkilega, virkilega, mikið að fá gamsa.
Og ég vil virkilega, virkilega, virkilega, ekki kaupa gamsa handa þér.
En mig vantar hann virkilega, virkilega, virkilega, mikið!
Pá geturðu unnið virkilega, virkilega, mikið fyrir honum.
Færðu svo gamsa?
Virkilega, virkilega, virkilega tvisýnt.

ÞÚ OG PA

Eftir SÖB

Þetta er Rauveruleika glugginn. Sjáðu skiltið, og hér er stíllí hnoppurinn. Eigum við að prufa að hrópa spurningu?
Ekki núna kannski seinna, þetta er nægur rauveruleiki fyrir mig í bíli!
Rauveruleika glugginn. Hrópa spurningar um allt milli himins og jarðar. Fóll og stjón svörni.
Þú og Pa höfðu fundið Rauveruleika glugginn. Útum hann var hægt að hrópa spurningar og fá og sjá svör um rauveruleikan, tilveruna, lífið... og... dauðan. En voru þeir rauverulega tilbúnir til að horfast í augu við þetta allt saman í gegnum glugginn? Það fám við að sjá seinna!

KJÖLTURAKKAR

Eftir Patrick McDonnell

Fullt tungl hefur áhrif á öll vötn á jörðinni.
Líttu út Sigg, kvöldið gæti orðið svolítið hættulegt!

BARNALÁN

Eftir Kirkman/Scott

glamr Mamma, megum við fá snakk?! *fliss*
AAAAARGH!
Sko, Solla...við erum búnar að fara í leiki, baka kökur, poppa popp, horfa á bíómyndir og lesa sögur. Hvað er það eiginlega sem þarf til þess að þið hættið að flissa og farið að sofa??
Ég þarf veskið þitt.

TÖLVULEIKIR

50 Cent í nýjum tölvuleik

Rapparinn 50 Cent hefur gert samning við VU Games um gerð tölvuleiksins Bulletproof sem á að koma út seint á þessu ári. 50 Cent kemur sjálfur fram í leiknum. Þar lendir hann í vespillinga, svika og undarlegra samninga sem leiða hann um blóðuga slóð undirheima New York borgar.



50 CENT Rapparinn vinsæli ætlar að hrista upp í tölvuleikjaheiminum.

„Allt sem ég geri, geri ég til að ná árangri,“ segir 50 Cent. „Ég einset mér alltaf að sigra andstæðinga mína og tölvuleikurinn er þar engin undantekning. Leikurinn er nokkurs konar ævintýraútgáfa af mínu lífi. Ég ætla að hrista upp í tölvuleikjaheiminum líkt og ég gerði með rapp heiminn,“ segir hann.

Leikurinn blandar saman efni Hollywood-kvikmynda, tónlistar og leik. Til að tryggja gæðin fengu höfundar leiksins Emmy-verðlaunahafann Terry Winter, framleiðanda Sopranos-þáttanna, til að skrifa handrit leiksins. ■

TÖLVULEIKJAFRÉTTIR



Hugmyndasmiður fyrsta Grand Theft Auto leiksins, David Jones, er um þessar mundir að hanna fjölda-spilunarleik að nafni All Points Bulletin með fyrirtækinu Webzen frá Kóreu. Í APB fá spilarar tækifæri á að vinna annað hvort við lög-gæslu eða glæpastarfsemi í stórborgum. Það verður nóg að gera fyrir spilarana og er áherslan lögð á raunveruleika eins og við þekkjum hann í dag. Leikurinn er áætlaður á markað fyrsta fjórðung 2007 en David Jones vonast til að sýna leikinn á E3-sýningunni í Los Angeles núna í vor.

Aðdáendur Matrix eiga von á öðrum leikjaskammti um næstu jól því Atari eru með leikinn Path Of Neo í framleiðslu. Leikurinn fylgir eftir Neo og fór hans í gegnum Matrix myndirnar. Spilarar munu upplifa sum atriðin úr myndunum á nýjan hátt og lenda í öðrum ævintýrum í þessum magnaða heimi. Wachowski-bræðurnir sem gerðu myndirnar vinna náið með framleiðendum leiksins enda vilja þeir gefa áhangendum sérúnnar auka Matrix-skammt beint í æð. Aðalleikarar myndanna hafa verið tölvugerðir til að ná sem mestum raunveruleika í leikinn. ■



FLONA

www.dalecarnegie.is

NÁÐU FRAM ÞVÍ BESTA!

Við hjálpum þér að:

- Efla sjálfstraustið
- Ná framúrskarandi árangri í mannlegum samskiptum
- Bæta tjáningarhæfnina
- Efla leiðtoga-hæfileikana
- Draga úr áhyggjum, streitu og kvíða
- Setja þér raunhæf og krefjandi markmið
- Bæta þig í tímastjórnun

KYNNINGARFUNDUR:

Mánudagur 7. mars kl. 20:00-21:15
Kynningarfundurinn verður á Grand Hótel.

NÁMSKEIÐIÐ HEFST:

Miðvikudaginn 9. mars.

Námskeiðið stendur frá kl. 18:00 til 22:00, eitt kvöld í viku í 12 vikur.

Einnig bjóðum við sérnámskeið fyrir unglinga á aldrinum 14 til 17 ára og 18 til 22 ára.

Guðbjartur Kjartansson smiður

Ég starfa sjálfstætt sem smiður og hefur þjálfunin nýst mér ótrúlega vel í starfi. Ég er ekki bara að selja vinnuna mína heldur líka framkomu mína og þjónustu. Núna næg ég að byggja upp

traust langtímasambönd við viðskiptavinina mína. Ég er öruggari í ákvörðunum og mér gengur betur að takast á við þá erfiðleika sem geta fylgt því að vera í eigin rekstri.



DALE CARNEGIE®
ÞJÁLFUN
Sími 555 7080

Sterkur leikur

Fyrstir til að tryggja kaupendum **fast endursöluverð**

Nánari upplýsingar á www.komatsu.is

KOMATSU
TEKUR FÖRSTUNA



KRAFTVÉLAR EHF. • Dalvegi 6-8 • 201 Kópavogur • Sími 535 3500 • Fax 535 3509 • www.kraftvelar.is



HÁSKÓLADÍO ER ÓSKARSVERÐLAUNADÍO.

HEIMSINS STÆRSTI SÖNGLEIKUR BIRTIST NÚ Á HVÍTA TJALDINU Í FYRSTA SINNI!
TILNEFND TIL 3 ÓSKARSVERÐLAUNA

The PHANTOM of the OPERA
 Með Íslandsvininum, Gerard Butler (Bjólfskiða), Emmy Rossum (Mystic River), Miranda Richardson og Minnie Driver í mynd eftir Joel Schumacher. Byggt á söngleik Andrew Lloyd Webber.

Sýnd kl. 6 og 9

MILLION DOLLAR BABY
 Besta mynd ársins Besti Leikstjóri - Clint Eastwood Besta Leikona - Hilary Swank Besti Leikari í aulahlutverki - Morgan Freeman

★★★★ - kvikmyndir.com
 ★★★★★ - H.J., MBL
 ★★★★★ - V.E., DV

Sýnd kl. 5.30, 8 og 10.30 **b.i. 14**

LES CHORISTES
KÓRINN

Sýnd kl. 6 og 8

AVIATOR

Sýnd kl. 6 og 9.10 **b.i. 12**

RAY

Sýnd kl. 5.30, 8.30 & 10 **b.i. 12**

SMÁRA BÍO

2 vikur á toppnum í Bandaríkjunum!

WILL SMITH
 Will Smith og Kevin James (King of Queens) í skemmtilegustu gamanmynd ársins!

★★★★ JHH kvikmyndir.com

Sýnd kl. 5.30, 8 og 10.30
Í LÚXUS kl. 5.30, 8 og 10.30

GRIMMAN 2
 VINSÆLASTA MYNDIN Á ÍSLANDI
 ÞRÁÐAR GRIMMORIN TVEIKJA FALA FÖLSKYLDUNA SAMT KEISERINUM
 ATHI GÆTI HUGSÁNLEGA VAKIÐ ÖTTA UNGRA BARNNA

Sýnd kl. 4 og 6 **m./isl. tali**
 Sýnd kl. 4, 6, 8 og 10 **m. ensku tali**
 FRA FRAMLEIÐANDA TRAINING DAY

Sýnd kl. 10 **b.i. 16 ára**

CLOSER
 ★★★★★ Ö.Ö.H. DV
 ★★★★★ S.V. MBL

Sýnd kl. 5.40, 8 og 10.20 **b.i. 14 ára**

Sýnd kl. 3.50 og 8

www.smarabio.is

FRÁBÆR SKEMMTUN SAMBÍÓIN

HEIMSINS STÆRSTI SÖNGLEIKUR BIRTIST NÚ Á HVÍTA TJALDINU Í FYRSTA SINNI!

CONSTANTINE
 HELVÍTI VILL HANN HIMNARÍKI VILL HANN EKKI JÖRÐIN ÞARFNAST HANS

Sýnd kl. 4, 5.30, 8 og 10.30 **B.i. 16**
 Sýnd í **LÚXUS VIP kl. 8 & 10.30**

THE PHANTOM of the OPERA
 TILNEFND TIL 3 ÓSKARSVERÐLAUNA

Sýnd kl. 8 og 10 **B.i. 16**
 Sýnd í **LÚXUS VIP kl. 5**

Sýnd kl. 3.45 og 6.30 **m. isl. tali**
LEMONY SNICKETT'S kl. 4 og 6

Sýnd kl. 3.45, 6, 8.15 og 10.30 **B.i. 16**
WHITE NOISE kl. 8

Sýnd kl. 3.45 & 6 **m. isl. tali**
THE INCREDIBLES kl. 3.45 & 6

Sýnd kl. 8.15 og 10.30 **B.i. 14**
TEAM AMERICA kl. 8.15 og 10.30

ALFABARNT 587 8900 www.sambioin.is

GRJÓTHARÐIR FYNÐNIR OG RUDDALEGIR!

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

Stóra sviðið kl. 20.00

ÖXIN OG JÖRDIN - Ólafur Gunnarsson. Leikgerð: Hilmar Jónsson.
 Fim. 10/3 nokkur sæti laus, fim. 17/3 nokkur sæti laus. **Áðeins þessar tvær tæær syningar eftir.**

EDITH Piaf - Sigurður Pálsson
 Fös. 11/3 uppselt, fös. 18/3 uppselt, sun. 20/3 60. sýning uppselt, lau. 2/4 uppselt, sun. 3/4 uppselt, fim. 7/4 nokkur sæti laus, fös. 8/4 örfá sæti laus, lau. 16/4 örfá sæti laus.

MÝRARLJÓS - Marina Carr
 9. sýn. lau. 12/3 örfá sæti laus, 10. sýn. lau. 19/3 nokkur sæti laus, 11. sýn. fim. 31/3 nokkur sæti laus, fös. 1/4.

KLAUFAR OG KÓNGSDÆTUR - Ávintýraheimur H.C. Andersen. Ármann Guðmundsson, Sævar Sigurgeirsson og Þorgeir Tryggvason.
 Frumsýning sun. 13/3 kl. 15:00 örfá sæti laus, sun. 20/3 kl. 14:00 nokkur sæti laus, sun. 3/4 14:00, sun. 10/4 kl. 14:00.

Smíðaverkstæðið kl. 20.00

NÍTJÁNHUNDUR - Kaffileikhús - Alessandro Barrico
 Fös. 11/3 örfá sæti laus. Síðasta sýning. Ekki er hægt að hleypa inn í salinn eftir að sýning er hafin!

GRJÓTHARÐIR - Hávar Sigurjónsson
 Lau. 12/3 örfá sæti laus, sun. 13/3 nokkur sæti laus, lau. 19/3 örfá sæti laus, fim. 31/3 örfá sæti laus, fös. 1/4. Ekki er hægt að hleypa inn í salinn eftir að sýning er hafin!

Miðasölusími: 551 1200 Netfang: midasala@leikhusid.is Veffang: www.leikhusid.is
 Opíó kl. 12:30-18:00 mán.-þri. Aðra daga kl. 12:30-20:00. Símapantanir frá kl. 10:00 virka daga.
 Þjóðleikhúsið sími 551-1200

Bók frá Tori Amos

Söngkonan Tori Amos er að gefa út nýja bók sem nefnist Tori Amos: Piece By Piece, sem var skrifuð á tveggja ára tímabili. Var hún unnin upp úr spjalli tónlistarblaðamannsins Ann Powers við söngkonuna. Upphaflega áttu samtölin að fjalla um gerð nýjustu plötu hennar The Beekeeper en smám saman urðu þau umfangsmeiri. „Mér fannst þetta vera rétti tíminn til að segja frá því hvernig mér hefur tekist að halda áfram að skapa í þessum bransa,“ sagði Amos. „Ekki bara sem tónlistarmaður heldur hef ég einnig þurft að fylgjast með viðskiptahlíðinni, verða móðir og eiga í ástarsambandi.“



TORI AMOS Ný bók er að koma út frá þessari ástsælu söngkonu.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Katie Holmes og Chris Klein eru hætt saman 14 mánuðum eftir að þau tilkynntu trúlofun sína. „Þau munu halda áfram að vera vinir þrátt fyrir sambandslitin,“ sagði talskona Holmes. Párið hefur verið saman frá árinu 2001 og trúlofuðu sig í desember 2003. Næsta bíómynd Holmes er sumarmyndin Batman Begins.



